

I EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

96/EES/45/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/95 frá 18. júlí 1995 um að útvíkka gildissvið ákvarðana nr. 11 til 23/95 þannig að þær taki til Furstadæmisins Liechtensteins.....	01
96/EES/45/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	02
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB frá 2. febrúar 1995 um hámarkshraða ákveðinn með hönnun, hámarksnúningskraft og hámarksnettóhreyfilafli vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum.....	03
96/EES/45/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....	47
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/3/EB frá 14. febrúar 1995 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.....	48
96/EES/45/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....	59
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.....	60
96/EES/45/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.....	63
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3315/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3118/93 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir.....	75
96/EES/45/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.....	78
	Tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs.....	79

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/45/07

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.805 - Telecom-2).....90

96/EES/45/08

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.827 - DBKom).....91

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/45/01

nr. 56/95
frá 18. júlí 1995

um að útvíkka gildissvið ákvarðana nr. 11 til 23/95 þannig að þær taki til Furstadæmisins Liechtensteins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningurinn eins og honum var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95⁽¹⁾ tók gildi gagnvart Furstadæminu Liechtenstein hinn 1. maí 1995 samkvæmt ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars 1995⁽²⁾.

Einnig er nauðsynlegt að kveða á um að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11 til 23/95 sem voru samþykktar 24. febrúar, 5. og 28. apríl 1995 gildi gagnvart Liechtenstein.

Gildi þessara ákvarðana gagnvart Liechtenstein hefur ekki í för með sér neinar frekari breytingar á þeim.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11 til 23/95 gilda gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Henni skal beita frá 1. maí 1995.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjtið. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 125.

(²) Stjtið. EB nr. L 86, 20. 4. 1995, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 20. 4. 1995, bls. 1.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/45/02

nr. 57/95
frá 18. júlí 1995

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/94 frá 15. desember 1994⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB frá 2. febrúar 1995 um hámarkshraða ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóhreyfilafli vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 45r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45s. **395 L 0001:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB frá 2. febrúar 1995 um hámarkshraða ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóhreyfilafli vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum (Stjttíð. EB nr. L 52, 8. 3. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 95/1/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 52, 8. 3. 1995, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 95/1/EB

frá 2. febrúar 1995

um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30 júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum (1),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30 júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum (1),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (2),

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur 189. gr. b í sáttmálanum (4),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Nauðsynlegt er að samþykkja ráðstafanir í þessu skyni.

Aðferðir við að mæla hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Vegna þessa mismunar fela aðferðirnar í sér viðskiptahindranir í bandalaginu.

Þessum hindrunum á starfsemi hins innri markaðar er hægt að ryðja úr vegi ef öll aðildarríkin samþykkja sömu kröfurnar í stað innlendra reglna.

Nauðsynlegt er að gera samhæfðar kröfur varðandi hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum til þess að þær aðferðir við gerðarviðurkenningu og

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 52, 8. 3. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 72.

(2) Stjttíð. EB nr. C 93, 13. 4. 1992, bls. 166.

(3) Stjttíð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 7.

(4) Álit Evrópupingsins frá 11. febrúar 1993 (Stjttíð. EB nr. C 72, 15. 3. 1993, bls. 128), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. júní 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópupingsins frá 4. maí 1994 (Stjttíð. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 159). Sameiginlegur texti sáttanefndarinnar frá 13. desember 1994.

gerðarviðurkenningu íhluta sem mælt var fyrir um í tilskipun 92/61/EBE geti átt við allar gerðir þessara ökutækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um aðferðir við mælingar á hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl allra ökutækja sem eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 92/61/EBE.

2. gr.

Aðferðin við að veita gerðarviðurkenningu íhluta varðandi hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum og skilyrði fyrir frjálsum flutningum slíkra ökutækja skulu vera eins og mælt er fyrir um í tilskipun 92/61/EBE.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal láta nýja rannsókn fara fram innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar til að ganga úr skugga um hvort tengsl séu á milli slysa og hámarksvélarafls yfir 74 kílóvöttum (kW). Í rannsókninni skal safna saman og meta niðurstöður nýjustu vísindarannsókna og hefja nýja rannsókn með það að markmiði að setja fram skýrar tillögur að stefnu um þetta málefni. Á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, gera tillögur að nýjum lagaákvæðum.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. og III. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE (5).

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 2. ágúst 1996 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(5) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE (Stjttíð. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 1).

Frá þeim degi sem um getur í fyrstu undirgrein mega aðildarríkin ekki banna að ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun séu tekin í notkun í fyrsta sinn.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 2. febrúar 1997.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Innlend löggjöf getur veitt aðildarríkjunum heimild til að synja um frumskráningu og síðari skráningu á yfirráðasvæðum þeirra á ökutækjum sem hafa hámarksnettóvélarafli yfir 74 kílóvöttum (kW).

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. febrúar 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. JUPPÉ

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI:	Kröfur varðandi aðferð við mælingar á hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun	06
1. viðbætur:	Reglur um skilgreiningu á leiðréttingarstuðli fyrir hringlaga hraðaprófunarbraut	10
2. viðbætur:	Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika ökutækjagerðar sem hafa áhrif á hámarkshraða hennar sem er ákveðinn með hönnun	11
3. viðbætur:	Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkshraða, sem er ákveðinn með hönnun, vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum	11
II. VIÐAUKI:	Kröfur varðandi aðferð við mælingar á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóvélarafli	12
1. viðbætur:	Ákvörðun hámarkssnúningskrafts og hámarksnettóafls hreyfla með neistakveikju fyrir bifhjól með hjálparvél	12
1. undirviðbætur:	Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar sem hafa áhrif á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli	21
2. undirviðbætur:	Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli í gerð bifhjóls með hjálparvél	22
2. viðbætur:	Ákvörðun hámarkssnúningskrafts og hámarksnettóafls hreyfla með neistakveikju í bifhjólum og bifhjólum með þremur hjólum	22
1. undirviðbætur:	Mælingar á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóvélarafli sem fara fram með mælingu á vélarhita	33
2. undirviðbætur:	Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar sem hafa áhrif á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli	34
3. undirviðbætur:	Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafli í gerð bifhjóls eða bifhjóls með þremur hjólum	34
3. viðbætur:	Ákvörðun hámarkssnúningskrafts og hámarksnettóafls hreyfla með þrýstikveikju í ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum	35
1. undirviðbætur:	Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar sem hafa áhrif á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli	45
2. undirviðbætur:	Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta varðandi hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafli í gerð vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum	46


I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI AÐFERÐ VIÐ MÆLINGAR Á HÁMARKSHRAÐA SEM ER ÁKVEÐINN MEÐ HÖNNUN


1. Kröfur.
 - 1.1. Hámarkshraði ökutækis sem er ákveðinn með hönnun er mældur í samræmi við kröfur sem taldar eru upp hér á eftir.
2. Undirbúningur ökutækis.
 - 2.1. Ökutækið verður að vera hreint og aðeins skal nota þann aukabúnað sem nauðsynlegur er vegna prófunar ökutækisins.
 - 2.2. Eldsneytisskömmun og stilling kveikju, seigja smurólú fyrir þá vélarhluta sem hreyfast og þrýstingur í hjólbörðum skulu vera í samræmi við kröfur framleiðanda.
 - 2.3. Hreyfill, girskipting og hjólbarðar skulu tilkeyrð í samræmi við kröfur framleiðanda.
 - 2.4. Við upphaf prófunar skulu allir hlutar ökutækisins vera við jafnan hita eða eðlilegt vinnsluhitastig.
 - 2.5. Massi ökutækis skal miðast við ökutækið tilbúið til aksturs.
 - 2.6. Dreifing álags á hjól skal vera eins og framleiðandi mælir fyrir um.
3. Ökumaður.
 - 3.1. **Ökutæki án stjórnklefa**
 - 3.1.1. Massi ökumanns skal vera $75 \text{ kg} \pm 5 \text{ kg}$ og hann skal vera $1,75 \text{ m} \pm 0,05 \text{ m}$ á hæð. Þó eru vikmörkin lækkuð í $\pm 2 \text{ kg}$ og $\pm 0,02 \text{ m}$, eftir því sem við á, þegar um er að ræða bifhjól með hjálparvél.
 - 3.1.2. Ökumaðurinn skal klæðast ökugalla eða samsvarandi klæðnaði.
 - 3.1.3. Hann skal sitja í ökumannssæti með fætur á fetlum eða fóthvílu og handleggir skulu vera í eðlilegri stöðu. Þegar ökutækin ná hámarkshraða umfram 120 km/klst. með ökumann sitjandi skal ökumaður vera útbúinn og staðsettur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Þó verður stellingin að gera ökumanni kleift að stjórna ökutækinu viðstöðulaust á meðan á prófun stendur. Stelling ökumanns skal vera hin sama á meðan á prófun stendur og skal lýsing á stöðunni fylgja prófunarskýrslunni eða myndir settar í hennar stað.
 - 3.2. **Ökutæki með stjórnklefa**
 - 3.2.1. Massi ökumanns skal vera $75 \text{ kg} \pm 5 \text{ kg}$. Þó eru vikmörkin lækkuð í $\pm 2 \text{ kg}$ þegar um er að ræða bifhjól með hjálparvél.
4. Eiginleikar prófunarbrautar.
 - 4.1. Prófanirnar skulu gerðar á vegi:
 - 4.1.1. Þar sem unnt er að halda hámarkshraða á mælingarfleti eins og skilgreint er í lið 4.2. Hraðaaukningarbrautin sem liggur að mælingarfletinum verður að vera sömu gerðar (yfirborð og lengdarsnið) og nægilega löng til þess að unnt sé að ná hámarkshraða ökutækisins;

- 4.1.2. sem er hreinn, sléttur, þurr, malbikaður eða með annars konar yfirborðsklæðningu;
- 4.1.3. þar sem lengdarhalli er ekki meiri en 1% og ekki meira en 3% á þverveginn. Hæðarmismunur á milli tveggja punkta hvar sem er á fletinum má ekki vera meiri en 1 m.
- 4.2. Hugsanleg lögun mælingarflatar er sýnd í liðum 4.2.1, 4.2.2 og 4.2.3.


4.2.1. Gerð 1



4.2.2. Gerð 2



4.2.3. Gerð 3



- 4.2.3.1. Mælingarflatirnir tveir sem merktir eru L skulu vera jafnir að lengd og svo til samhliða hvor öðrum.
- 4.2.3.2. Ef báðir mælingarflatirnir eru með beygjum þrátt fyrir kröfur liðar 4.1.3 skal bæta miðflóttakraftinn upp með þversniði beygjanna.
- 4.2.3.3. Í stað mælingarflatanna L (sjá lið 4.2.3.1) má mælingarflöturinn samsvara heildarlengd hringlaga prófunarbrautarinnar. Í því tilviki skal lágmarksradíus beygjanna vera 200 m og skal bæta miðflóttakraftinn upp með þversniði beygjanna.
- 4.3. L-lengd mælingarflatarins skal velja í samræmi við nákvæmni búnaðarins og þeirra aðferða sem notaðar eru til að mæla prófunartíma t á þann hátt að gildi raunverulegs hraða náist innan $\pm 1\%$. Ef mælingarbúnaður er handvirkur skal L-lengd mælingarflatar ekki vera minni en 500 m. Ef mælingarflötur af gerð 2 hefur verið valinn er nauðsynlegt að nota rafeindamælubúnað til að ákvarða tíma t .

5. Veðurskilyrði.

Loftþrýstingur: 97 ± 6 kPa.

Hitastig: milli 278 og 308 K.

Hlutfallslegur raki: 30 til 90%.

Hámarksvindhraði: 3 m/s.

6. Prófunaraðferð
- 6.1. Gírhlutfall við prófun skal vera það sem gerir Tkutækinu kleift að ná hámarkshraða á jafnsléttu. Eldsneytisgjöf skal vera opin að fullu og skal auðgunarbúnaður vera óvirkur.
- 6.2. Ökumenn ökutækja án stjórnklefa skulu halda ökumannsstillingu sinni eins og skilgreint er í lið 3.1.3.
- 6.3. Ökutækið skal hafa náð jöfnum hraða við upphaf mælingarflatar. Aka skal eftir mælingarflötum af gerð 1 og 2 hvorum á eftir öðrum eftir endilöngu í báðir áttir.
- 6.3.1. Heimilt er að prófa í aðra áttina á mælingarfleti af gerð 2 ef ekki er unnt að ná hámarkshraða ökutækis á báðar áttir vegna eiginleika brautarinnar. Í því tilviki:
- 6.3.1.1. skal prófunin endurtekin fimm sinnum í röð án hléa;
- 6.3.1.2. má hraði vindíhluta á ási ekki vera meiri en 1 m/sek.
- 6.4. Aka skal eftir báðum flötum L á mælingarfleti af gerð 3 í röð í aðra átt, án hléa.
- 6.4.1. Ef mælingarflötur er hinn sami og heildarlengd brautar skal aka eftir honum í aðra áttina að minnsta kosti tvisvar. Mesti munur á aksturstíma má ekki vera meiri en 3%.
- 6.5. Eldsneyti og smurolía skulu vera samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- 6.6. Heildartími t sem nauðsynlegur er til að aka eftir mælingarfleti í báðar áttir skal ákvarðaður með nákvæmni upp á 0,7%.
- 6.7. Ákvörðun meðalhraða. Meðalhraði V (km/klst.) er ákvarðaður á eftirfarandi hátt:
- 6.7.1. *Mælingarflötur af gerð 1 og gerð 2*

$$V = \frac{3,6 \times 2 L}{t} = \frac{7,2 L}{t}$$

þar sem:

L = lengd mælingarflatar (m)

t = sá tími (sek.) sem tekur að aka eftir mælingarfletinum L (m).

- 6.7.2. *Mælingarflötur af gerð 2 sem ekið er eftir í aðra áttina*

$$V = V_a$$

þar sem:

V_a = mældur hraði í hverri prófun (km/klst.) =

$$\frac{3,6 L}{t}$$

þar sem t = er sá tími (sek.) sem tekur að aka eftir mælingarfletinum L (m).

- 6.7.3. *Mælingarflötur af gerð 3*

6.7.3.1. Mælingarflöturinn er í tveimur hlutum L (sjá lið 4.2.3.1)

$$V = \frac{3,6 \times 2 L}{t} = \frac{7,2 L}{t}$$

þar sem:

L = lengd mælingarflatar (m)

t = sá heildartími (sek.) sem tekur að aka eftir báðum mælingarflötum L (m).

6.7.3.2. Mælingarflötur sem samsvarar heildarlengd hringlaga prófunarbrautarinnar (sjá lið 4.2.3.3)

$$V = V_a \cdot k$$

þar sem:

V_a = mældur hraði (km/klst.) =

$$\frac{3,6 L}{t}$$

þar sem:

L = lengd brautar sem í raun er ekið eftir á hringlaga prófunarbrautinni (m)

t = sá tími (sek.) sem þarf til að ljúka heilli umferð

$$t = \frac{1}{n_i} \cdot \sum_{i=1}^n t_i$$

þar sem:

n = fjöldi umferða

t_i = sá tími (sek.) sem þarf til að ljúka hverri umferð

k = leiðréttingarstuðull ($1,00 \leq 1,05$); þessi stuðull miðast sérstaklega við hringlaga prófunarbrautina sem er notuð og er ákvarðaður í tilraunaskyni í samræmi við 1. viðbæti.

6.8. Mæla verður meðalhraða að minnsta kosti tvisvar sinnum í röð án hléa milli umferða.

7. Hámarkshraði.

Hámarkshraði ökutækisins skal tilgreindur í kílómetrum á klukkustund með tölu er samsvarar næstu heilu tölu við reiknað meðalgildi mælds hraða við prófanirnar tvær sem fara fram hvor á eftir annarri og mega frávik á milli þeirra ekki vera meiri en 3%. Þegar reiknað meðalgildi liggur nákvæmlega mitt á milli tveggja heilla talna er það hækkað upp í hærri töluna.


8. Vikmörk við mælingar hámarkshraða.

8.1. Hámarkshraði sem prófunaraðili ákvarðar má í mesta lagi víkja frá fyrirmælum framleiðanda um $\pm 5\%$.

8.2. Við athugun á samræmi í framleiðslu getur hámarkshraði vikið $\pm 5\%$ frá gildi sem er ákvarðað meðan á gerðarviðurkenningarprófun íhluta standur. Gildið verður $\pm 10\%$ ef um er að ræða bifhjól með hjálparvél þar sem hámarkshraði sem er ákveðinn með hönnun er ≤ 30 km/klst.

1. viðbætur**Reglur um skilgreininguá leiðréttingarstuðli fyrir hringlaga hraðaprófunarbraut**

1. Stuðull k er tengist hringlaga prófunarbraut skal ákvarðaður upp að leyfilegum hámarkshraða.
2. Ákvarða skal stuðul k fyrir ýmsa hraða þannig að mismunur milli tveggja hraða sem mælast í röð sé ekki meiri en 30 km/klst.
3. Fyrir hvern valinn hraða er mögulegt að framkvæma prófunina í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar á tvo vegu:
 - 3.1. Hraði mældur í beinni línu V_d .
 - 3.2. Hraði mældur á hringlaga prófunarbrautinni V_a .
4. Fyrir hvern mældan hraða eru gildin V_a og V_d færð inn á línurit (mynd 1) og mælipunktarnir tengdir með beinum línunum.

*Mynd 1*

5. Stuðullinn k fæst með eftirfarandi formúlu fyrir hvern mældan hraða:

$$k = \frac{V_d}{V_a}$$

2. viðbætur**Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika ökutækjagerðar sem hafa áhrif á hámarkshraða hennar sem er ákveðinn með hönnun**

(Skal fylgja með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutækinu)

Tilvísunarnúmer (tilgreint af umsækjanda):

Umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til hámarkshraða gerðar sem er ákveðinn með hönnun í ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum verða að fylgja þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka við tilskipun 92/61/EBE, A-hluta, í eftirfarandi liðum:

- 0.1,
- 0.2,
- 0.4 til 0.6,
- 2.1 til 2.2.1,
- 3.0 til 3.1.1,
- 4.1 til 4.6,
- 5.2,
- 5.2.2.

3. viðbætur

Heiti yfirvalds

Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkshraða, sem er ákveðinn með hönnun, vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. gefin út af prófunaraðila, dagsetning

Viðurkenning nr.:Útvíkkun nr.:

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis:
2. Gerð ökutækis:
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á):
5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann:
6. Hámarkshraði: km/klst
7. Viðurkenning er veitt/synjað er um viðurkenningu⁽¹⁾:
8. Staður:
9. Dagsetning:
10. Undirskrift:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI AÐFERÐ VIÐ MÆLINGAR Á HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTI OG HÁMARKSNETTÓVÉLARAFLI

1. ALMENNT
- 1.1. Fara skal eftir 1. viðbæti er ákvarða á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl (neistakveikja) bifhjóla með hjálparvél.
- 1.2. Fara skal eftir 2. viðbæti er ákvarða á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl (neistakveikja) bifhjóla og bifhjóla með þremur hjólum.
- 1.3. Fara skal eftir 3. viðbæti er ákvarða á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóáfl þrýstikveikjuhreyfla.

1. viðbætur

Ákvörðun hámarkssnúningskrafts og hámarksnettóáfls hreyfla með neistakveikju fyrir bifhjól með hjálparvél

1. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- 1.1. **Nettóáfl**

Aflið sem fæst á prófunarþekk við enda sveifaráss eða samsvarandi íhluta á hraða sem framleiðandi mælir fyrir um ásamt aukabúnaði sem talinn er upp í töflu 1. Ef einungis er unnt að mæla afl með áföstum gírkassa skal taka tillit til áhrifa hans.
- 1.2. **Hámarksnettóáfl**

Hámark nettóáfls mælt við fullt álag á hreyfil.
- 1.3. **Snúningskraftur**

Snúningskraftur mældur við skilyrði sem mælt er fyrir um í lið 1.1.
- 1.4. **Hámarkssnúningskraftur**

Hámarkssnúningskraftur mældur við fullt álag á hreyfil.
- 1.5. **Aukabúnaður**

Búnaður sem skráður er í töflu 1.
- 1.6. **Staðalbúnaður**

Allur búnaður sem framleiðandi ætlar til sérstakrar notkunar.
- 1.7. **Gerð hreyfils**

Hreyflar sem eru eins í grundvallaratriðum hvað varðar eiginleika sem eru skilgreindir í 1. undirviðbæti.

2. NÁKVÆMNI MÆLINGA Á SNÚNINGSKRAFTI OG AFLI VIÐ FULLT ÁLAG
 - 2.1. **Snúningskraftur**

± 2% af mældum snúningskrafti.
 - 2.2. **Snúningshraði**

Frávik við mælingar mega ekki vera meiri en ± 1%.
 - 2.3. **Eldsneytiseyðsla**

± 2% fyrir allan búnað sem er notaður.
 - 2.4. **Hítastig innsogslofts**

± 2 K.
 - 2.5. **Loftþrýstingur**

± 70 Pa.
 - 2.6. **Þrýstingur í útblástursröri og undirþrýstingur innsogslofts**

± 25 Pa.
3. MÆLING HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTS OG HÁMARKSNETTÓVÉLARAFLS
 - 3.1. **Aukabúnaður**
 - 3.1.1. *Aukabúnaður sem koma á fyrir/tengja*

Í prófuninni skal aukabúnaður sem er nauðsynlegur fyrir hreyfilganginn sem verið er að prófa (samanber töflu 1) vera á prófunarbekk í sömu stöðu, eftir því sem unnt er, og hann væri í við notkun.
 - 3.1.2. *Aukabúnaður sem á að fjarlægja*

Tiltekinn aukabúnaður sem einungis er þörf á við akstur sjálfs ökutækisins, en kann að vera staðsettur á hreyflinum, skal fjarlægja áður en prófun hefst.

Þegar ekki er unnt að fjarlægja aukabúnað er hægt að ákvarða hve mikið afl hann notar án álags og bæta því við mælt vélar afl.

TAFLA 1

Aukabúnaður sem á að vera á vélinni þegar snúningskraftur og hennar er ákvarðað

Nr.	Aukabúnaður	Fest á fyrir prófun á snúningskrafti og nettóafli
1	Loftinntak - Soggrein - Loftsía - Inntakshljóðdeyfir - Búnaður til að endurvinnna loft úr sveifarhúsi - Hraðatakörkunarbúnaður	Ef staðalbúnaður: já
2	Útblásturskerfi - Hreinsibúnaður fyrir útblástur - Útblástursgrein - Rör ⁽¹⁾ - Hljóðdeyfir ⁽¹⁾ - Útblástursrör ⁽¹⁾	Ef staðalbúnaður: já
3	Blöndungur	Ef staðalbúnaður: já
4	Búnaður fyrir innspýtingu eldsneytis - Forsía - Sía - Dæla - Rör - Ýristútur - Loki fyrir loftinntak, ef við á ⁽²⁾ - Gangráður (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
5	Vökvakælibúnaður - Vatnskassi - Vifta ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ - Vatnsdæla - Hitastillir ⁽⁶⁾	Ef staðalbúnaður: já ⁽³⁾
6	Loftkæling - Hlíf - Blásari ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ - Búnaður til hitajöfnunar ef nauðsyn krefur - Aukavifta á prófunarbekk	Ef staðalbúnaður: já,

⁽¹⁾ Ef það er erfiðleikum bundið að nota staðlað útblásturskerfi má nota í prófunina útblásturskerfi sem veldur samsvarandi þrýstingsfalli ef framleiðandi veitir til þess samþykki sitt. Á prófunarstofunni skal munur á þrýstingi útsogskerfis og andrúmslofts ekki vera meiri en ± 740 Pa (7,40 mbar) við þann stað í útsográs útblásturs sem tengist útblásturskerfi ökutækisins á meðan hreyfillinn er í gangi, nema framleiðandi hafi samþykkt hærra bakþrýsting fyrir prófunina.

⁽²⁾ Loftinntakslöki er stjórnlöki fyrir loftknúinn gangráð inngjafardælu.

⁽³⁾ Vatnskassi, vifta, viftuhlíf, vatnsdæla og hitastillir skulu staðsett þannig á prófunarbakkekknum að afstaða hvers þessara hluta til hinna sé sú sama og í ökutækinu. Hringrás kælivökva skal eingöngu stjórnast af vatnsdælu hreyfilsins. Kæling á vökvannum skal gerast í vatnskassanum eða í ytri hringrás að því tilskildu að þrýstingstap þessarar hringrásar og þrýstingur við inntak dæluinnar haldist svipaður og í kælikerfi hreyfilsins. Ef speldi er á vatnskassa skal það vera í opinni stöðu.

⁽⁴⁾ Ef hægt er að aftengja viftu eða blásara skal fyrst finna út nettóvélarafli með viftu (eða blásara) ótengda og síðan með viftu (eða blásara) tengda.

⁽⁵⁾ Ef ekki er hægt að festa rafknúna eða vélknúna viftu sem er hluti af staðalbúnaði á prófunarbakkekkinn skal ákvarða aflnotkun viftunnar á sama snúningshraða og notaður er þegar vélaraflið er mælt. Aflið er dregið frá leiðréttu afli til þess að fá út nettóafli.

⁽⁶⁾ Hitastilli má festa á í opinni stöðu.

7	Rafmagnsbúnaður	Ef staðalbúnaður: já ⁽⁷⁾
8	Mengunarvarnarbúnaður	Ef staðalbúnaður: já
9	Smurningskerfi - Olíuskammtari	Ef staðalbúnaður: já

(7) Lágmarksafli rafals: takmarka verður afli rafals við það sem nauðsynlegt er til að sá búnaður vinni sem nauðsynlegur er fyrir hreyfillinn. Óheimilt er að hlaða rafhlöðu á meðan á prófun stendur.

3.2. Stillingar

Stillingar fyrir prófanirnar sem eiga að ákvarða hámarksnúningskraft og hámarksnettóafli eru gefnar upp í töflu 2.

TAFLA 2

Stillingar

1	Stilling blöndungs (blöndunga)	Stilling í samræmi við forskrift framleiðanda fyrir raðframleiðsluna og notuð óbreytt í hverri einstakri prófun
2	Stilling skammtara inngjafardælu	
3	Stilling kveikju og inngjafar (forskriftarferill)	

3.3. Prófunaraðstæður

3.3.1. Prófanir til að ákvarða hámarksnúningskraft og hámarksnettóafli skulu framkvæmdar með fullri eldsneytisinnjöf og skal hreyfillinn búinn þeim búnaði sem er gefinn upp í töflu 1.

3.3.2. Mælingar skulu gerðar við stöðugar notkunaraðstæður að því er varðar þætti sem hafa áhrif á gang hreyfilsins og með nægilega miklu loftstreymi til hans. Hreyfillinn skal áður hafa verið í gangi í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Heimilt er að í brunahólfum séu eldsneytisleifar en þó í takmörkuðu magni.

Reynt skal að hafa prófunaraðstæður, eins og t.d. hita inntakslofts, eins nærri viðmiðunarskilyrðum (sjá lið 4.2) og unnt er til að halda leiðréttingarstuðli sem lægstum.

3.3.3. Hiti inntakslofts (umhverfislofts) skal mældur innan við 0,15 m ofan við loftsúu eða, ef loftsúu er ekki notuð, innan við 0,15 m frá loftinntaksopinu. Hitamæli eða hitanema skal skýlt fyrir geislunarvarma og staðsettur í loftstraumnum. Þeim skal einnig skýlt fyrir eldsneytisgufum. Nota verður nægilega margar stöður fyrir mælingar til að marktækt meðaltal fáiast fyrir inntakshita.

3.3.4. Mæling skal ekki framkvæmd fyrr en snúningskraftur, hraði og hiti hafa haldist tiltölulega stöðugir í 30 sekúndur hið minnsta.

3.3.5. Velja skal snúningshraða fyrir mælingarnar og má ekki víkja frá honum um meira en $\pm 2\%$.

3.3.6. Mæla skal hemlaálag og hita inntakslofts samtímis og skal niðurstaðan vera meðaltal af tveimur stöðugum gildum sem fengin eru hvort á eftir öðru; hvað hemlaálag varðar má munur á þessum tveimur mælingum ekki vera meiri en sem nemur 2%.

3.3.7. Þegar búnaður sem fer sjálfkrafa í gang er notaður til að mæla snúningshraða og eyðslu skal mælingin standa í minnst 10 sek. og ef mælingarbúnaðurinn er handstýrður skal hún vara í að minnsta kosti 20 sek.

3.3.8. Hita kælivökva við úttak frá hreyfli skal haldið innan við ± 5 K frá efri hitastillimörkum sem framleiðandi hefur tilgreint. Hafi framleiðandi ekki tilgreint hitann skal hann vera $353 \text{ K} \pm 5 \text{ K}$.

Þegar um loftkælda hreyfla er að ræða skal hita við punkt sem framleiðandi gefur upp haldið í $+0/-20 \text{ K}$ sem er hámarkshiti sem framleiðandi hefur tilgreint við viðmiðunaraðstæður.

3.3.9. Hiti eldsneytis skal mældur við inntak inngjafardælu eða blöndung og haldið innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

3.3.10. Hiti smurolú mældur í sveifarhúsi eða við úttak olúkælis, ef hann er fyrir hendi, skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

3.3.11. Mæla skal úttakshita útblásturs við útblástursrör eða útblástursop.

3.3.12. *Eldsneyti*

Eldsneytið skal vera af gerð sem er fáanleg á markaði og er án viðbótarefna sem vinna gegn útblæstri⁽¹⁾.

3.4. **Prófunaraðferð**

Mælingar skulu gerðar á nægilega mörgum snúningshraðastigum til að mögulegt sé að ákvarða aflferil milli lægstu og hæstu hraðastiga sem framleiðandi mælir með. Þetta hraðasvið skal ná yfir snúningshraða vélarinnar þar sem hún nær hámarksvélarafli. Á hverju hraðastigi skal taka meðaltal af minnst tveimur mælingum á stöðugum hraða.

3.5. Gögn sem skal skrá eru tilgreind í 1. undirviðbæti.

4. LEIÐRÉTTINGARSTUÐLAR FYRIR AFL OG SNÚNINGSKRAFT

4.1. **Skilgreining á stuðlum a_1 og a_2**

Stuðlar sem mældur snúningskraftur og afl skulu margfaldast með til þess að ákvarða snúningskraft og afl hreyfils við þau skilyrði í andrúmslofti sem tilgreind eru í lið 4.2 og skilvirkni beinnar yfirfærslu sem tilgreind er í lið 4.5.

4.2. **Viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti**

4.2.1. *Hitastig*

25 °C (298 K)

4.2.2. *Viðmiðunarþrýstingur án raka (P_{so})*

99 kPa (990 mbar)

4.3. **Takmarkanir á notkun leiðréttingarformúlu**

Leiðréttingarformúla á einungis við ef leiðréttingarstuðull liggur á milli 0,93 og 1,07.

Ef farið er út fyrir þessi mörk skal rétt gildi gefið upp og prófunarskilyrði (hiti og þrýstingur) tilgreind nákvæmlega í prófunarskýrslu.

(1) Í stað þessa eldsneytis kemur viðmiðunareldsneyti sem skilgreint er í kröfum um framkvæmd ráðstafana varðandi loftmengun, þegar þær hafa tekið gildi.

Athugasemd:

Heimilt er að framkvæma prófanir í loftkældum prófunarstofum þar sem stjórna má skilyrðum í lofti.

4.4. Ákvörðun leiðréttingarstuðulsins a_1

Innan marka sem skilgreind eru í lið 4.3 fæst leiðréttingarstuðull með eftirfarandi formúlu:

$$a = \left(\frac{99}{P_s} \right)^{1,2} \cdot \left(\frac{T}{298} \right)^{0,6}$$

þar sem:

T = algilt hitastig loftsins sem hreyfillinn sagnar í sig í Kelvin (K)

P = heildarloftþrýstingur, í kílópascal (kPs)

PV = vatnsgufuþrýstingur, í kílópascal (kPs)

PS = P - PV.

Þessi formúla gildir um aflestur snúningskrafts og afls við hemilinn án tillits til aflrænnar skilvirkni hreyfilsins.

4.5. Ákvörðun leiðréttingarstuðuls fyrir skilvirkni beinnar yfírfærslu a_2

Ákvörðun leiðréttingarstuðuls a_2 :

- fari mæling fram beint á sveifarásnum skal stuðullinn vera 1,

- fari mælingin ekki fram beint á sveifarásnum skal reikna stuðulinn út með formúlunni:

$$a_2 = \frac{1}{n_s}$$

þar sem n_s er skilvirkni yfírfærslu sem er staðsett á milli sveifaráss og mælipunktar.

Þessi yfírfærsluskilvirkni n_1 er ákvörðuð með útkomu (margföldun) úr skilvirkni n_j fyrir hvern íhluta yfírfærslunnar:

$$n_1 = n_1 \times n_2 \times \dots \times n_j$$

Skilvirkni n_j fyrir hvern íhluta yfírfærslunnar er sýnd í eftirfarandi töflu:

	Gerð	Skilvirkni
Tannhjól	Sporatannhjól	0,98
	Gormlaga tannhjól	0,97
	Sniðbrúnartannhjól	0,96
Keðja	Rúllukeðja	0,95
	Hljóðlaus keðja	0,98
Reim	Tannreim	0,95
	Kílræim	0,94
Vökvatengi eða -iðuhitari	Vökvatengi ⁽¹⁾	0,92
	Vökvaiðuhitari ⁽¹⁾	0,92

⁽¹⁾ Ef það er ekki lokað

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

Í prófunarskýrslu skulu koma fram niðurstöður og allir útreikningar sem á þarf að halda til að finna hámarkssnúningsafl og hámarksnettóafli, eins og talið er upp í 2. undirviðbæti, svo og eiginleikar hreyfilsins sem taldir eru upp í 1. undirviðbæti.

Í skýrslunni skulu auk þess koma fram eftirtaldar upplýsingar:

Prófunaraðstæður

Þrýstingur mældur við hámarksafl

loftþrýstingur:kPa

gufuþrýstingur:kPa

útblástur⁽¹⁾:kPa

undirþrýstingur við inntak⁽¹⁾:kPa í hreyfli

soggrein:

Hiti mældur við hámarksvélarafli:

inntakslofts:K

kælivökva

við úttak kælivökva hreyfilsinsK⁽²⁾

við viðmiðunarpunkt ef um er að ræða loftkælingu:K⁽²⁾

olíu:K (tilgreinið mælipunkt)

*eldsneytis*við inntak blöndungs/innngjafardælu⁽²⁾.....K

í mælibúnaði fyrir eldsneytisnotkun:K

útblasturs, mælt við punkt við hlið útblástursrör(a) soggreina(r)⁽³⁾.....K*Eiginleikar aflmælis*

Tegund:

Gerð:

Eldsneyti

Fyrir hreyfla með neistakveikju sem nota fljóttandi eldsneyti:

Tegund:

Forskrift:

Viðbótarefni sem vinnur gegn ventlabanki (blý o.s.frv.)

Tegund:

Magn í mg/lítra:

Oktantala

RON:

MON:

Eðlismassi: við 15 °C..... við 4 °C.....

Varmagildi:kJ/kg

Smurolía

Tegund:

Forskrift:

Seigja SAE:

(1) Mælist þegar upprunaleg sogkerfi eru ekki notuð.

(2) Strikið yfir það sem á ekki við.

(3) Tilgreinið stöðuna.

Sundurliðaðar niðurstöður mælinga

Afköst hreyfils

Hreyfillhraði, min^{-1} Snúningshraði aflmælihemils, min^{-1}

Álag á aflmælihemil, N

Snúningskraftur mældur við sveifarás, Nm

Mælt afl, kW

Prófunaraðstæður

Loftþrýstingur, kPa

Hitastig inntakslofts, K

Gufuþrýstingur, kPa

Leiðréttingarstuðull fyrir andrúmsloft, a_1 Vélfræðilegur leiðréttingarstuðull, a_2

Leiðréttur snúningskraftur sveifaráss, N·m

Leiðrétt afl, kW

Tilgreind eldsneytisnotkun⁽¹⁾, $\text{g/kW} \cdot \text{h}$ Hitastig kælivökva hreyfilsins, $\text{K}^{(2)}$

Hitastig olíu við mælipunkt, K

Hitastig útblásturs, K

Lofthiti neðan við forþjöppu, K

Þrýstingur neðan við forþjöppu, kPa

⁽¹⁾ Án leiðréttingar á afli vegna stuðuls fyrir andrúmsloft.⁽²⁾ Tilgreina skal staðsetningu mælipunkts: mæling hefur farið fram (strikið yfir það sem á ekki við):

a) við úttak fljótandi kælivökva;

b) við kertapakkningu;

c) annars staðar (tilgreinið).

6. LEYFÐ FRÁVIK VIÐ MÆLINGAR Á HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTI OG HÁMARKSNETTÓAFLI

- 6.1. Munur á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils sem tækniþjónusta mælir með og því sem framleiðandi gefur upp má vera $\pm 10\%$ ef mælt afl er ≤ 1 kW og $\pm 5\%$ ef mælt afl er > 1 kW, með 1,5% frávik fyrir hreyfillhraða.

- 6.2. Munur á hámarksnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils við samræmisprófun á framleiðslu og gildum sem eru ákvörðuð við gerðarviðurkenningarprófun íhluta má vera $\pm 20\%$ ef mælt afl er ≤ 1 kW og $\pm 10\%$ ef mælt afl er > 1 kW.

1. undirviðbætur

Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar⁽¹⁾ sem hafa áhrif á hámarksnúningskraft og hámarksnettóafli

(Hreyflar með neistakveikju fyrir bifhjól með hjálparvél)

(Skal fylgja með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutækinu)

Tilvísunarnúmer (tilgreint af umsækjanda):

Umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til hámarksnúningskrafts og hámarksvélarafls fyrir gerð bifhjóla með hjálparvél verða að fylgja þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka við tilskipun 92/61/EEB, A-hluta, í eftirfarandi liðum:

- 0.1,
- 0.2,
- 0.4 til 0.6,
- 3 til 3.2.2,
- 3.2.4 til 3.2.4.1.5,
- 3.2.4.3 til 3.2.12.2.1.,
- 3.5 til 3.6.3.1.2.

⁽¹⁾ Framleiðandinn gefi samsvarandi upplýsingar þegar um er að ræða óvenjulega hreyfla eða kerfi.

2. undirviðbætur

Heiti yfirvalds

Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkssnúningskraft og hámarksnettóáfl í gerð bifhjóls með hjálparvél

FYRIRMYND

Skýrsla nr. gefin út af prófunaraðila, dagsetning

Viðurkenning nr.:Útvíkkun nr.:

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis:
2. Gerð ökutækis:
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á):
5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann:
6. Hámarkssnúningskraftur:..... Nm viðmin⁻¹
7. Hámarksnettóáfl:..... kW viðmin⁻¹
8. Viðurkenning er veitt/synjað er um viðurkenningu⁽¹⁾:.....
9. Staður:
10. Dagsetning:
11. Undirskrift:

2. viðbætur

Ákvörðun hámarkssnúningskrafts og hámarksnettóafis hreyfla með neistakveikju í bifhjólum og bifhjólum með þremur hjólum

1. **SKILGREININGAR**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. **Nettóáfl**

Aflið sem fæst á prófunarþekk við enda sveifaráss eða samsvarandi íhluta á hraða sem framleiðandi mælir fyrir um ásamt aukabúnaði sem talinn er upp í töflu 1. Ef einungis er unnt að mæla afl með áföstum gírkassa skal taka tillit til áhrifa hans.

1.2. **Hámarksnettóáfl**

Hámark nettóafis mælt við fullt álag á hreyfil.

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

1.3. Snúningskraftur

Snúningskraftur mældur við skilyrði sem mælt er fyrir um í lið 1.1.

1.4. Hámarkssnúningskraftur

Hámarkssnúningskraftur mældur við fullt álag á hreyfil.

1.5. Aukabúnaður

Búnaður sem skráður er í töflu 1.

1.6. Staðalbúnaður

Allur búnaður sem framleiðandi ætlar til sérstakrar notkunar.

1.7. Gerð hreyfils

Hreyflar sem eru í grundvallaratriðum eins hvað varðar eiginleika sem eru skilgreindir 1. undirviðbæti.

2. NÁKVÆMNI MÆLINGA Á AFLI OG SNÚNINGSKRAFTI VIÐ FULLT ÁLAG**2.1. Snúningskraftur**

$\pm 1\%$ af mældum snúningskrafti⁽¹⁾.

2.2. Snúningshraði

Frávik mælinga mega ekki vera meiri en $\pm 1\%$.

2.3. Eldsneytiseyðsla

$\pm 1\%$ fyrir allan búnað sem er notaður.

2.4. Hitastig innsogslofts

± 1 K.

2.5. Loftþrýstingur

± 70 Pa.

2.6. Þrýstingur í útblástursröri og undirþrýstingur innsogslofts

± 25 Pa.

3. MÆLING HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTS OG HÁMARKSNETTÓVÉLARAFLS**3.1. Aukabúnaður****3.1.1. Aukabúnaður sem koma á fyrir/tengja**

Í prófuninni skal vera hægt að setja aukabúnað sem er nauðsynlegur fyrir hreyfilganginn sem verið er að prófa (samanber töflu 1) á prófunarbekk í sömu stöðum, eftir því sem unnt er, og hann væri í við notkun.

⁽¹⁾ Mælibúnaður fyrir snúningskraft skal vera þannig kvarðaður að tap á krafti vegna núnings sé tekið með í reikninginn. Frávik mega vera $\pm 2\%$ í mælingum sem fara fram við minna en 50% af hámarksafli. Þau skulu í öllum tilvikum vera $\pm 1\%$ vegna mælinga á hámarkssnúningskrafti.

3.1.2. *Aukabúnaður sem á að fjarlægja*

Tiltekinn aukabúnaður sem einungis er þörf á við akstur sjálfs ökutækisins, en kann að vera staðsettur á hreyflinum, skal fjarlægja áður en prófun hefst.

Þegar ekki er unnt að fjarlægja aukabúnað er hægt að ákvarða hve mikið afl hann notar án álags og bæta því við mælt vélarafi.

TAFLA 1

Aukabúnaður sem á að vera á vélinni þegar snúningskraftur og nettóafli hennar er ákvarðað

Nr.	Aukabúnaður	Ef fest á fyrir prófun á snúningskrafti og nettóafli
1	Loftinntak - Soggrein - Loftsía - Inntakshljóðdeyfir - Mengunarvarnarbúnaður sveifarhúss - Hraðatakörkunarbúnaður - Rafeindastjórnubúnaður (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
2	Upphitunarkerfi fyrir soggrein	Ef staðalbúnaður: já, (ef unnt er skal það stillt á hagstæðustu stöðu)
3	Útblásturskerfi - Útblástursgrein - Tengirör ⁽¹⁾ - Hljóðdeyfir ⁽¹⁾ - Útblástursrör ⁽¹⁾ - Forþjappa - Rafeindastjórnubúnaður (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
4	Þrýstidæla fyrir eldsneyti	Ef staðalbúnaður: já
5	Blöndungur	Ef staðalbúnaður: já
6	Búnaður fyrir innspýtingu eldsneytis - Forsía - Sía - Dæla - Háþrýstirör - Ýristútur - Loki fyrir loftinntak, ef við á ⁽²⁾	Ef staðalbúnaður: já
7	Vökvakælibúnaður - Vélarhlíf - Vatnskassi - Vifta ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ - Viftuhlíf - Vatnsdæla - Hitastillir ⁽⁶⁾	Ef staðalbúnaður: já ⁽³⁾

8	Loftkæling - Hlíf - Blásari ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ - Búnaður til hitajöfnunar	Ef staðalbúnaður: já,
9	Rafmagnsbúnaður	Ef staðalbúnaður: já ⁽⁷⁾
10	Forþjöppukerfi (sé það fyrir hendi) - Þjappa sem knúin er af hreyflinum, beint eða óbeint, eða af útblásturslofti - Innbyggt kælikerfi - Kælivökvadæla eða vifta (vélknúin) - Stjórnúnaður fyrir kælivökvastreymi (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
11	Kælikerfi fyrir smurolú	Ef staðalbúnaður: já
12	Mengunarvarnarbúnaður	Ef staðalbúnaður: já
13	Smurningskerfi - Olíuskammtari	Ef staðalbúnaður: já

- (¹) Ef það er erfiðleikum bundið að nota staðlað útblásturskerfi má nota í prófunina útblásturskerfi sem veldur samsvarandi tapi í skilvirkni ef framleiðandi veitir til þess samþykki sitt. Á prófunarstofunni skal munur á þrýstingi útsogskerfis og andrúmslofts ekki vera meiri en ± 740 Pa (7,40 mbar) við þann stað í útsográs útblásturs sem tengist útblásturskerfi ökutækisins á meðan hreyfillinn er í gangi, nema framleiðandi hafi samþykkt hærri bakþrýsting fyrir prófunina.
- (²) Loftinntakslöki er stjórnloki fyrir loftknúinn gangráð inngjafardælu.
- (³) Vatnskassi, vifta, viftuhlíf, vatnsdæla og hitastillir skulu staðsett þannig á prófunarbekknum að afstaða hvers þessara hluta til hinna sé sú sama og í ökutækinu. Hringrás kælivökvu skal eingöngu stjórnast af vatnsdælu hreyfilsins. Kæling á vökvannum skal gerast í vatnskassanum eða í ytri hringrás að því tilskildu að þrýstingstap þessarar hringrásar og þrýstingur við inntak dælnnar haldist svipaður og í kælikerfi hreyfilsins. Ef speldi er á vatnskassa skal það vera í opinni stöðu.
- (⁴) Ef hægt er að aftengja viftu eða blásara skal fyrst finna út nettóvélarafi með viftu (eða blásara) ótengda og síðan með viftu (eða blásara) tengda.
- (⁵) Ef ekki er hægt að festa rafknúna eða vélknúna viftu sem er hluti af staðalbúnaði á prófunarbekkinn skal ákvarða aflnotkun viftunnar á sama snúningshraða og notaður er þegar vélarafið er mælt. Afið er dregið frá leiðréttu afli til þess að fá út nettóafi.
- (⁶) Hitastilli má festa á í opinni stöðu.
- (⁷) Lágmarksafi rafals: takmarka verður afl rafals við það sem nauðsynlegt er til að sá búnaður vinni sem nauðsynlegur er fyrir hreyfilinn. Óheimilt er að hlaða rafhlöðu á meðan á prófun stendur.

3.2. Stillingar

Stillingar fyrir prófun sem á að ákvarða hámarks snúningskraft og hámarks nettóafi eru gefnar upp í töflu 2.

TAFLA 2

Stillingar

1	Stilling blöndungs (blöndunga)	Stilling í samræmi við forskrift framleiðanda fyrir raðframleiðsluna og notuð óbreytt í hverri einstakri prófun
2	Stilling skammtara inngjafardælu	
3	Stilling kveikju og inngjafartíðni (forskriftarferill)	

3.3. Prófunaraðstæður

- 3.3.1. Prófanir til að ákvarða hámarksnúningskraft og hámarksnettóafli skulu framkvæmdar með fullri eldsneytisinnjöf og skal hreyfillinn búinn þeim búnaði sem er gefinn upp í töflu 1.
- 3.3.2. Mælingar skulu gerðar við stöðugar notkunaraðstæður að því er varðar þætti sem hafa áhrif á gang hreyfilsins og með nægilega miklu loftstreymi til hans. Hreyfillinn skal áður hafa verið í gangi í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Heimilt er að í brunahólfum séu eldsneytisleifar en þó í takmörkuðu magni.

Reynt skal að hafa prófunaraðstæður, eins og t.d. hita inntakslofts, eins nærri viðmiðunarskilyrðum (sjá lið 4.2) og unnt er til að halda leiðréttingarstuðli sem lægstum.

Ef kælikerfi á prófunarbeck fullnægir lágmarkskröfum um réttan búnað en leyfir þó ekki fullnægandi kæliksilyrði þannig að unnt sé að framkvæmda mælingar við eðlileg og stöðug skilyrði skal nota aðferðina sem lýst er í 1. undirviðbæti. Þau lágmarksskilyrði sem prófunarbúnaður þarf að fullnægja og þarf til að framkvæma þessar prófanir í samræmi við 1. undirviðbæti eru skilgreind hér á eftir:

V_1 er hámarkshraði ökutækisins;

V_2 er hámarkshraði kæliloftsstreymis við ústreymi frá viftu;

\emptyset er þverskurður af kæliloftsstreymi.

Ef $V_2 \geq V_1$ og $\emptyset \geq 0,25\text{m}^2$ hefur lágmarksskilyrðum verið fullnægt. Ef ekki er unnt að halda vinnsluskilyrðum stöðugum skal nota aðferðina sem lýst er í 1. undirviðbæti.

Ef $V_2 < V_1$ og/eða $\emptyset < 0,25\text{m}^2$:

- a) skal nota aðferðina sem lýst er í lið 3.3 ef unnt er að halda vinnsluskilyrðum stöðugum;
- b) og ef ekki er unnt að halda vinnsluskilyrðum stöðugum:
- fullnægir búnaðurinn lágmarksskilyrðum, ef $V_2 \geq 120 \text{ km/klst.}$ og $\emptyset \geq 0,25\text{m}^2$, og heimilt er að nota aðferðina sem lýst er í 1. viðbæti;
 - fullnægir búnaðurinn ekki lágmarksskilyrðum, ef $V_2 < 120 \text{ km/klst.}$ og $\emptyset < 0,25\text{m}^2$, og bæta verður kælikerfi prófunarbúnaðarins.

En í þessu tilviki er heimilt er að framkvæma prófunina með þeirri aðferð sem lýst er í 1. undirviðbæti hafi framleiðandi og yfirvöld veitt samþykki sitt til þess.

- 3.3.3. Hiti inntakslofts (umhverfislofts) skal mældur innan við 0,15 m ofan við loftsúna eða, ef loftsía er ekki notuð, innan við 0,15 m ofan við loftinntaksopið. Hitamæli eða hitanema skal skýlt fyrir geislunarvarma og staðsettur í loftstraumnum. Þeim skal einnig skýlt fyrir eldsneytisúða.

Nota verður nægilega margar stöður fyrir mælingar til að marktækt meðaltal fáiast fyrir inntakshita.

- 3.3.4. Mæling skal ekki framkvæmd fyrr en snúningskraftur, hraði og hiti hafa haldist tiltölulega stöðugir í 30 sekúndur hið minnsta.

- 3.3.5. Snúningshraði skal ekki víkja frá völdum hraða við prófun eða mælingar um meira en $\pm 1\%$.

- 3.3.6. Mæla skal hemlaálag og hita inntakslofts samtímis og skal niðurstaðan vera meðaltal af tveimur stöðugum gildum sem fengin eru í röð; hvað hemlaálag varðar má innbyrðis munur á þessum tveimur mælingum ekki vera meiri en sem nemur 2%.

- 3.3.7. Hita kælivökva við úttak frá hreyfli skal haldið innan við ± 5 K frá efri hitastillimörkum sem framleiðandi hefur tilgreint. Hafi framleiðandi ekki tilgreint hitann skal hann vera $353 \text{ K} \pm 5 \text{ K}$.

Þegar um loftkælda hreyfla er að ræða skal hita við punkt sem framleiðandi gefur upp haldið í $+0/-20$ K sem er hámarkshiti sem framleiðandi hefur tilgreint við viðmiðunaraðstæður.

- 3.3.8. Hiti eldsneytis skal mældur við inntak inngjafardælu eða blöndung og haldið innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

- 3.3.9. Hiti smurólú mældur í sveifarhúsi eða við úttak olúkælis, ef hann er fyrir hendi, skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

- 3.3.10. Mæla skal úttakshita útblásturs við útblástursrör eða útblástursop.

- 3.3.11. Þegar búnaður sem fer sjálfkrafa í gang er notaður til að mæla snúningshraða og eyðslu skal mælingin standa í minnst 10 sek. og ef mælingarbúnaðurinn er handstýrður skal hún vara í að minnsta kosti 20 sek.

- 3.3.12. *Eldsneyti*

(sjá lið 3.3.12 í 1. viðbæti).

- 3.3.13. Ef það er erfiðleikum bundið að nota staðlaðan útblásturshljóðdeyfi má nota í prófunina búnað sem hentar við eðlileg vinnsluskilyrði hreyfilsins eins og framleiðandi hefur tilgreint.

Í prófuninni skal munur á þrýstingi útsogskerfis og andrúmslofts ekki vera meiri en ± 740 Pa (7,40 mbar) við þann stað í útsográs útblásturs sem tengist prófunarbecknum einkum á meðan hreyfillinn er í gangi nema framleiðandi hafi ótvírætt tilgreint að bakþrýstingur sé fyrir hendi fyrir prófunina; í því tilviki skal nota þann þrýsting sem er lægri.

- 3.4. **Prófunaraðferð**

Mæling skal framkvæmd á nægilega mörgum snúningshraðastigum til að mögulegt sé að ákvarða affleril milli lægstu og hæstu hraðastiga sem framleiðandi mælir með. Innan þessa hraðasviðs skal vera sá snúningshraði vélarinnar þar sem hún nær hámarksafli. Á hverju hraðastigi skal taka meðaltal af tveimur mælingum á stöðugum hraða.

- 3.5. **Gögn sem skal skrá**

Gögn sem skal skrá eru tilgreind í 2. undirviðbæti.

4. LEIÐRÉTTINGARSTUÐLAR FYRIR AFL OG SNÚNINGSKRAFT

4.1. Skilgreining á stuðlum a_1 og a_2

Stuðlar sem mældur snúningskraftur og afl skulu margfaldast með til þess að ákvarða snúningskraft og afl hreyfils, að teknu tilliti til skilvirkni yfirfærslu (stuðull a_1) sem er hugsanlega notuð við prófunina til að ná þessum snúningskrafti og aflu, við þau skilyrði í andrúmslofti sem tilgreind eru í lið 4.2.1 (stuðull a_2).

Leiðréttingarformúla fyrir afl er þessi:

$$P_o = a_1 \times a_2 \times P$$

þar sem:

P_o = leiðrétt afl (þ.e. aflið við viðmiðunarskilyrði við enda sveifaráss)

a_2 = leiðréttingarstuðull fyrir skilvirkni yfirfærslu

a_1 = leiðréttingarstuðull fyrir viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti

P = mælt afl (afl sem hefur verið athugað).

4.2. Skilyrði í andrúmslofti

4.2.1. Viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti

4.2.1.1. Viðmiðunarhitastig (T_0)

298 K (25 °C).

4.2.1.2. Viðmiðunarþrýstingur án raka (P_{so})

99 kPa.

4.2.2. Skilyrði í andrúmslofti við prófun

Við prófun skulu skilyrði andrúmslofts vera innan eftirtalinna gilda.

4.2.2.1. Hitastig við prófun (T)

283 K < T < 318 K.

4.3. Ákvörðun leiðréttingarstuðla

4.3.1. Ákvörðun leiðréttingarstuðuls a_2

- fari mæling fram beint á sveifarásnum skal stuðullinn vera 1,

- fari mælingin ekki fram beint á sveifarásnum skal reikna stuðulinn út með formúlunni:

$$a_2 = \frac{1}{\eta_t}$$

þar sem η_t er skilvirkni yfirfærslu sem er staðsett á milli sveifaráss og mælipunktar.

Þessi yfirfærsluskilvirkni n_i er ákvörðuð með útkomu (margföldun) úr skilvirkni n_j fyrir hvern íhluta yfirfærslunnar:

$$n_i = n_1 \times n_2 \times \dots \times n_j$$

Skilvirkni n_j fyrir hvern íhluta yfirfærslunnar er sýnd í eftirfarandi töflu:

	Gerð	Skilvirkni
Tannhjól	Sporatannhjól	0,98
	Gormlaga tannhjól	0,97
	Sniðbrúnartannhjól	0,96
Keðja	Rúllukeðja	0,95
	Hljóðlaus keðja	0,98
Reim	Tannreim	0,95
	Kílreim	0,94
Vökvatengi eða -iðuhitari	Vökvatengi ⁽¹⁾	0,92
	Vökvaiðuhitari ⁽¹⁾	0,92

⁽¹⁾ Ef það er ekki lokað

4.3.2. Ákvörðun stuðuls a_1 ⁽¹⁾

4.3.2.1. Skilgreining á eðlisfræðilegum stærðum T, P_s vegna leiðréttingarstuðulsins a_1

T = algilt hitastig innsogslofts

P_s = loftþrýstingur án raka mældur í kílopascal (kPa), þ.e. heildarloftþrýstingur að fráðregnum gufuþrýstingi.

4.2.2.2. Stuðull a_1

Leiðréttingarstuðull a_1 fæst með eftirfarandi formúlu:

$$a = \left(\frac{99}{P_s} \right)^{1,2} \cdot \left(\frac{T}{298} \right)^{0,6}$$

Formúlan gildir aðeins ef:

$$0,93 \leq a_1 \leq 1,07.$$

Ef farið er út fyrir þessi mörk skal rétt gildi gefið upp og prófunarskilyrði (hiti og þrýstingur) tilgreind nákvæmlega í prófunarskýrslu.

⁽¹⁾ Heimilt er að framkvæma prófanir í loftkældum prófunarstofum þar sem stjórn má skilyrðum í andrúmslofti.

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

Í prófunarskýrslu skulu koma fram niðurstöður og allir útreikningar sem á þarf að halda til að finna hámarkssnúningsafl og hámarksnettóafl, eins og talið er upp í 3. undirviðbæti, svo og eiginleikar hreyfilsins sem taldir eru upp í 2. undirviðbæti.

Í skýrslunni skulu auk þess koma fram eftirtaldar upplýsingar:

Prófunaraðstæður*Þrýstingur mældur við hámarksafl*

loftþrýstingur:kPa

gufuþrýstingur:kPa

útblastur⁽¹⁾:kPa

undirþrýstingur við inntak⁽²⁾:kPa

Hiti mældur við hámarksvélarafli

inntakslofts:K

kælivökva

við úttak kælivökva hreyfilsinsK⁽²⁾

við viðmiðunarpunkt ef um er að ræða loftkælingu:K⁽²⁾

olíu:K (tilgreinið mælipunkt)

eldsneytis

við inntak blöndungs/inngjafardælu⁽²⁾:

í mælibúnaði fyrir eldsneytisnotkun:K

útblasturs, mælt við punkt við hlið útblástursrör(a) soggreina(r)⁽³⁾:K

Eiginleikar aflmælis

Tegund:

Gerð:

Eldsneyti

Fyrir hreyfla með neistakveikju sem nota fljótandi eldsneyti:

Tegund:

Forskrift:

Viðbótarefni sem vinnur gegn ventlabanki (blý o.s.frv.)

Tegund:

Magn í mg/lítra:

Oktantala

RON:

MON:

Eðlismassi: við 15 °C..... við 4 °C.....

Varmagildi:kJ/kg

Smurolía

Tegund:

Forskrift:

Seigja SAE:

(¹) Mælist þegar upprunaleg sogkerfi eru ekki notuð.

(²) Strikið yfir það sem á ekki við.

(³) Tilgreinið stöðuna.

Sundurliðaðar niðurstöður mælinga

Afköst hreyfils

Hreyfilhraði, min^{-1} Snúningshraði aflmælihemils, min^{-1}

Álag á aflmælihemil, N

Snúningskraftur mældur við sveifarás, N·m

Mælt afl, kW

Prófunaraðstæður

Loftþrýstingur, kPa

Hitastig inntakslofts, K

Gufuþrýstingur, kPa

Leiðréttingarstuðull fyrir andrúmsloft, a_1 Vélfræðilegur leiðréttingarstuðull, a_2

Leiðréttur snúningskraftur sveifaráss, N·m

Leiðrétt afl, kW

Tilgreind eldsneytisnotkun⁽¹⁾, g/kW·hHitastig kælivökva hreyfilsins, K⁽²⁾

Hitastig olíu við mælipunkt, K

Hitastig útblásturs, K

Lofthiti neðan við forþjöppu, K

Þrýstingur neðan við forþjöppu, kPa

⁽¹⁾ Án leiðréttingar á afli vegna stuðuls fyrir andrúmsloft.⁽²⁾ Tilgreina skal staðsetningu mælipunkts: mæling hefur farið fram (strikið yfir það sem á ekki við):

a) við úttak fljótandi kælivökva;

b) við kertapakkingu;

c) annars staðar (tilgreinið).

6. LEYFÐ FRÁVIK VIÐ MÆLINGAR Á HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTI OG HÁMARKSNETTÓAFLI

- 6.1. Munur á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils sem tæknipjónusta mælir með og því sem framleiðandi gefur upp má vera $\pm 5\%$ ef mælt afl er ≤ 11 kW og $\pm 2\%$ ef mælt afl er > 11 kW, með 1,5% frávik fyrir hreyfilhraða.

- 6.2. Munur á hámarksnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils við samræmisprófun á framleiðslu og gildum sem eru ákvörðuð við gerðarviðurkenningarprófun íhluta má vera $\pm 10\%$ ef mælt afl er ≤ 11 kW og $\pm 5\%$ ef mælt afl er > 11 kW.

1. undirviðbætur

Mælingar á hámarksnúningskrafti og hámarksnettóvélaraflum sem fara fram með mælingu á vélarhita

1. PRÓFUNARAÐSTÆÐUR

- 1.1. Prófanir til að ákvarða hámarksnúningskraft og hámarksnettóafli skulu framkvæmdar með fullri eldsneytisinnngjöf og skal hreyfillinn búinn þeim búnaði sem er gefinn upp í töflu 1.

- 1.2. Mælingar skulu gerðar við stöðugar notkunaraðstæður að því er varðar þætti sem hafa áhrif á gang hreyfilsins og með nægilega miklu inntaksloftstreymi til hans. Hreyfillinn skal áður hafa verið í gangi í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Heimilt er að í brunahólfum séu eldsneytisleifar en þó í takmörkuðu magni.

Reynt skal að hafa prófunaraðstæður, eins og t.d. hita inntakslofts, eins nærri viðmiðunarskilyrðum (sjá lið 4.2.1) og unnt er til að halda leiðréttingarstuðli sem lægstum.

- 1.3. Hiti inntakslofts (umhverfislofts) skal mældur innan við 0,15 m frá loftsúnni eða, ef loftsía er ekki notuð, innan við 0,15 m frá loftinntaksopinu. Hitamæli eða hitanema skal skýlt fyrir geislunarvarma og staðsettur í loftstraumnum. Þeim skal einnig skýlt fyrir eldsneytisúða. Nota verður nægilega margar stöður fyrir mælingar til að marktækt meðaltal fáiast fyrir inntakshita.

- 1.4. Velja skal snúningshraða fyrir mælingarnar og má ekki víkja frá honum um meira en $\pm 1\%$.

- 1.5. Mæling hemlaálags prófunarhreyfils skal lesin af aflmæli á því augnabliki þegar hitastig vélarmælis hefur náð tilskildu gildi, jafnframt því sem hraða hreyfils er haldið því sem næst stöðugum.

- 1.6. Mæla skal hemlaálag, eldsneytiseyðslu og hita inntakslofts samtímis og skal niðurstaðan vera meðaltal af tveimur stöðugum gildum; hvað hemlaálag og eldsneytiseyðslu varðar má munur á þessum tveimur mælingum ekki vera meiri en sem nemur 2%.

- 1.7. Mæling eldsneytiseyðslu hefst þegar staðfest er að hreyfillinn hafi náð tilteknum hraða.

Þegar búnaður sem fer sjálfkrafa í gang er notaður til að mæla snúningshraða og eyðslu skal mælingin standa í minnst 10 sekúndur og ef mælingarbúnaðurinn er handstýrður skal hún vara í að minnsta kosti 20 sekúndur.

- 1.8. Þegar hreyfill er kældur með vökva skal hita kælivökva við úttak frá hreyfli haldið innan við ± 5 K frá efri hitastillimörkum sem framleiðandi hefur tilgreint. Hafi framleiðandi ekki tilgreint hitann skal hann vera $353 \text{ K} \pm 5 \text{ K}$.

Þegar hreyfill er loftkældur skal hita við kertapakkningar sem framleiðandi gefur upp haldið í ± 10 K. Hafi framleiðandi ekki tilgreint hitastig skal mælt hitastig vera $483 \text{ K} \pm 10 \text{ K}$.

- 1.9. Hiti kertapakkninga í loftkældum hreyflum skal mældur með hitamæli með hitanema og pakkningu.

- 1.10. Hiti eldsneytis skal mældur við inntak inngjafardælu eða blöndung og haldið innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

- 1.11. Hiti smurolúu mældur í olúbotnskál eða við úttak olúfukælis, ef hann er fyrir hendi, skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.

- 1.12. Mæla skal úttakshita útblásturs við útblástursrör eða útblástursop.
- 1.13. Nota skal það eldsneyti sem um getur í lið 3.3.12 í I. viðauka.
- 1.14. Ef það er erfiðleikum bundið að nota staðlaðan útblásturshljóðdeyfi má nota í prófunina búnað sem hentar við eðlilegan hraða hreyfilsins eins og framleiðandi hefur tilgreint. Í prófuninni má munur á þrýstingi útsogskerfis og andrúmslofts ekki vera meiri en ± 740 Pa (7,40 mbar) við þann stað í útsográs útblásturs sem tengist útblásturskerfi ökutækisins einkum á meðan hreyfillinn er í gangi, nema framleiðandi hafi ótvírætt tilgreint að bakþrýstingur sé til staðar fyrir prófunina; í því tilviki skal nota þann þrýsting sem er lægri.

2. undirviðbætur

Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar⁽¹⁾ sem hafa áhrif á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli

(Hreyflar með neistakveikju fyrir bifhjól og bifhjól með þremur hjólum)

(Skal fylgja með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutækinu)

Tilvísunarnúmer (tilgreint af umsækjanda):

Umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til hámarkssnúningskrafts og hámarksvélarafli fyrir gerð bifhjóls eða bifhjóls á þremur hjólum verða að fylgja þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka við tilskipun 92/61/EBE, A-hluta, í eftirfarandi liðum:

- 0.1,
0.2,
0.4 til 0.6,
3 til 3.2.2,
3.2.4 til 3.2.4.1.5,
3.2.4.3 til 3.2.12.2.1.,
3.5 til 3.6.3.1.2.

⁽¹⁾ Framleiðandinn gefi samsvarandi upplýsingar þegar um er að ræða óvenjulega hreyfla eða kerfi.

3. undirviðbætur

Heiti yfirvalds

Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta að því er varðar hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafli í gerð bifhjóls eða bifhjóls með þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. gefin út af prófunaraðila, dagsetning

Viðurkenning nr.: Útvíkkun nr.:

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis:
2. Gerð ökutækis:

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
 -
 4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á):
 -
 5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann:
 6. Hámarksnúningskraftur:.....Nm viðmin⁻¹
 7. Hámarksnettóafli:.....kW viðmin⁻¹
 8. Viðurkenning er veitt/synjað er um viðurkenningu⁽¹⁾.
 9. Staður:
 10. Dagsetning:
 11. Undirskrift:
- (¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

3. viðbætur

Ákvörðun hámarksnúningskrafts og hámarksnettóafli hreyfla með þrýstikveikju í ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum

1. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. Nettóafli

Aflið sem fæst á prófunarþekk við enda sveifaráss eða samsvarandi íhluta á hraða sem samsvarar hraða hreyfils ásamt aukabúnaði sem talinn er upp í töflu 1. Ef einungis er unnt að mæla afl með áföstum gírkassa skal taka tillit til áhrifa hans.

1.2. Hámarksnettóafli

Hámark nettóafli mælt við fullt álag á hreyfil.

1.3. Snúningskraftur

Snúningskraftur mældur við skilyrði sem mælt er fyrir um í lið 1.1.

1.4. Hámarksnúningskraftur

Hámarksnúningskraftur mældur við fullt álag á hreyfil.

1.5. Aukabúnaður

Búnaður sem skráður er í töflu 1.

- 1.6. **Staðalbúnaður**

Búnaður sem framleiðandi ætlar til sérstakrar notkunar.
- 1.7. **Gerð hreyfils**

Hreyflar sem eru í grundvallaratriðum eins hvað varðar eiginleika sem eru skilgreindir 1. undirviðbæti.
2. **NÁKVÆMNI MÆLINGA Á AFLI OG SNÚNINGSKRAFTI VIÐ FULLT ÁLAG**
 - 2.1. **Snúningskraftur**

$\pm 1\%$ af mældum snúningskrafti⁽¹⁾.
 - 2.2. **Snúningshraði**

Frávik mælinga mega ekki vera meiri en $\pm 1\%$. Æskilegt er að snúningshraði sé mældur með snúningsmæli og tímamæli með sjálfvirkri samstillingu.
 - 2.3. **Eldsneytiseyðsla**

$\pm 1\%$ af mældri eyðslu.
 - 2.4. **Hítastig eldsneytis**

± 2 K.
 - 2.5. **Hítastig innsogslofts**

± 2 K.
 - 2.6. **Loftþrýstingur**

± 100 Pa.
 - 2.7. **Þrýstingur í soggrein**

± 50 Pa (sjá neðanmálgrein 1^a í töflu 1).
 - 2.8. **Þrýstingur í útblástursröri**

200 Pa (sjá neðanmálgrein 1^b í töflu 1).
3. **MÆLING HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTS OG HÁMARKSNETTÓVÉLARAFLS HREYFLA MEÐ ÞRÝSTIKVEIKJU**
 - 3.1. **Aukabúnaður**
 - 3.1.1. *Aukabúnaður sem koma á fyrir/tengja*

Í prófuninni skal vera hægt að setja aukabúnað sem er nauðsynlegur fyrir hreyfilganginn sem verið er að prófa (samanber töflu 1) á prófunarbekk í sömu stöðum, eftir því sem unnt er, og hann væri í við notkun.

⁽¹⁾ Mælibúnaður fyrir snúningskraft skal vera þannig kvarðaður að tap á krafti vegna núnings sé tekið með í reikninginn. Frávik í neðri hluta mælisviðs aflmælis prófunarbekkjar má vera $\pm 2\%$ af mældum snúningskrafti.

3.1.2. *Aukabúnaður sem á að fjarlægja*

Tiltekinn aukabúnaður ökutækis sem einungis er þörf á við akstur sjálfs ökutækisins, en kann að vera staðsettur á hreyflinum, skal fjarlægja áður en prófun hefst.

Dæmi um þetta er:

- loftþjappa fyrir hemla,
- þjappa fyrir vökvastýri,
- þjappa fyrir fjöðrun,
- loftkælikerfi.

Þegar ekki er unnt að fjarlægja aukabúnað er hægt að ákvarða hve mikið afl hann notar án álags og bæta því við mælt vélar afl.

3.1.3. *Aukabúnaður til að ræsa hreyfla með þrýstikveikju*

Hér er um tvo kosti að ræða:

- a) ræsing með rafafli: rafall er tengdur á og frá honum kemur rafafli fyrir aukabúnað sem þarf fyrir gang hreyfilsins;
- b) ræsing á annan hátt en með rafafli: ef rafknúinn búnaður er fyrir hendi sem er nauðsynlegur fyrir gang hreyfilsins er rafallinn tengdur til að knýja aukabúnaðinn. Að öðrum kosti er rafallinn fjarlægður.

Í báðum tilvikum skal kerfið, sem framleiðir og safnar þeirri orku sem þarf til að ræsa hreyfilinn, fest á og skal það ganga án álags.

TAFLA 1

Aukabúnaður sem á að vera á vélinni þegar snúningskraftur og nettóafli hreyfils með þrýstikveikju er ákvarðað

Nr.	Aukabúnaður	Fest á fyrir prófun á snúningskrafti og nettóafli
1	Loftinntak - Soggrein - Loftsía ^(1a) - Inntakshljóðdeyfir ^(1a) - Mengunarvarnarbúnaður sveifarhúss - Hraðatakörkunarbúnaður ^(1a)	Ef staðalbúnaður: já
2	Upphitunarkerfi fyrir soggrein - Soggrein (ef unnt er skal það stillt á hagstæðustu stöðu)	Ef staðalbúnaður: já,
3	Útblásturskerfi - Hreinsibúnaður fyrir útblástur - Útblástursgrein - Tengirör ^(1b) - Hljóðdeyfir ^(1b) - Útblástursrör ^(1b) - Útblásturshemill ⁽²⁾ - Forþjappa	Ef staðalbúnaður: já

Nr.	Aukabúnaður	Fest á fyrir prófun á snúningskrafti og nettóafli
4	Þrýstidæla fyrir eldsneyti ⁽³⁾	Ef staðalbúnaður: já
5	Búnaður fyrir innspýtingu eldsneytis - Forsía - Sía - Dæla - Háþrýstirör - Ýristútur - Loki fyrir loftinntak, ef við á ⁽⁴⁾ - Rafeindastjórnubúnaður, loftstremismælir o.s.frv. (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
6	Vökvakælubúnaður - Vélarhlíf - Loftúttak vélarhlífar - Vatnskassi - Vifta ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾ - Viftuhlíf - Vatnsdæla - Hitastillir ⁽⁷⁾	Ef staðalbúnaður: já ⁽⁵⁾
7	Loftkæling - Hlíf - Blásari ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾ - Búnaður til hitajöfnunar	Ef staðalbúnaður: já,
8	Rafmagnsbúnaður	Ef staðalbúnaður: já ⁽⁸⁾
9	Forþjöppukerfi (sé það fyrir hendi) - Þjappa sem knúin er af hreyflinum, beint eða óbeint, eða af útblásturslofti - Innbyggt millikælikerfi ⁽⁹⁾ - Kælivökvadæla eða vifta (vélknúin) - Stjórnubúnaður fyrir kælivökvastreymi (ef við á)	Ef staðalbúnaður: já
10	Aukavifta á prófunarbekk	Ef nauðsyn krefur: já
11	Mengunarvarnarbúnaður ⁽¹⁰⁾	Ef staðalbúnaður: já

^(1a) Allt inntakskerfið skal fest á sama hátt og við fyrirhugaða notkun:

- þegar umtalsverð hætta er á að það hafi áhrif á vélaraflið,
- þegar um er að ræða tvígengishreyfil,
- þegar framleiðandi fer fram á það.

Í öðrum tilvikum er heimilt að nota sambærilegt kerfi en þá skal gengið úr skugga um að ekki sé meiri munur en sem nemur 100 Pa á inntakspýstingi og þeim mörkum sem framleiðandi hefur sett fyrir hreina loftsúu.

^(1b) Allt úttakskerfið skal fest á sama hátt og við fyrirhugaða notkun:

- þegar umtalsverð hætta er á að það hafi áhrif á vélaraflið,
- þegar um er að ræða tvígengishreyfil,
- ef framleiðandi fer fram á það.

Í öðrum tilvikum er heimilt að nota sambærilegt kerfi en þá skal gengið úr skugga um að ekki sé meiri munur en sem nemur 1 000 Pa á þrýstingi við úttak útblásturkerfis hreyflisins og þeim mörkum sem framleiðandi hefur sett. Úttak útblásturkerfis hreyflisins er skilgreint sem punktur sem er 150 mm í straumstefnu niður á við frá neðsta hluta útblásturkerfisins sem fest er á vélna.

⁽²⁾ Ef útblásturshemill er á hreyflinum skal loki festur í algerlega opinni stöðu.

⁽³⁾ Stilla má þrýsting eldsneytisgjafar, ef þörf er á, til að líkja eftir þrýstingi í tilteknum hluta hreyflisins (einkum ef notað er endurstreymiskerfi fyrir eldsneyti).

- (4) Loftinntakslöki er stjórnloki fyrir loftknúinn gangráð inngjafardælu. Með gangráði eða inngjafarbúnaði kann að vera annar búnaður sem hefur áhrif á magn eldsneytis sem gefið er inn.
- (5) Vatnskassi, vifta, viftuhlíf, vatnsdæla og hitastillir skulu staðsett þannig á prófunarbekknum að afstaða hvers þessara hluta til hinna sé sú sama og í ökutækini. Hringrás kælivökva skal eingöngu stjórnast af vatnsdælu hreyfilsins. Kæling á vökvanum skal gerast í vatnskassanum eða í ytri hringrás að því tilskildu að þrýstingstap þessarar hringrásar og þrýstingur við inntak dæluinnar haldist svipaður og í kælikerfi hreyfilsins. Ef speldi er á vatnskassa skal það vera í opinni stöðu. Nú er ekki unnt að festa viftu, vatnskassa eða viftuhlíf á hreyfilinn þannig að vel fari og skal þá aflið sem viftan gleypir þegar hún er sett upp sér í réttari afstöðu miðað við vatnskassa og hlíf (sé hún fyrir hendi) ákvarðað á þeim hraðastigum sem samsvara þeim snúningshraðastigum sem eru notuð til að mæla vélarafi, ýmist með útreikningi út frá stöðluðum eiginleikum eða með raunhæfum prófunum. Draga skal þetta afl, eftir að búið er að leiðrétta það miðað við viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti sem lýst er í lið 4.2, frá hinu leiðrétta afli.
- (6) Ef hægt er að aftengja viftu eða blásara skal prófun fara fram með þeim ótengdum eða við hámarksblástur ef um viftu eða blásara með stighækkandi blæstri er að ræða.
- (7) Hitastilli má festa á í opinni stöðu.
- (8) Lágmarksafi rafals: takmarka verður afl rafals við það sem nauðsynlegt er til að sá búnaður vinni sem nauðsynlegur er fyrir hreyfilinn. Ef nauðsynlegt er að nota rafhlöðu skal hún vera fullhlaðin og í góðu lagi.
- (9) Hreyflar með þrýstiloftskælingu skulu prófaðir með þrýstiloftinu kældu, hvort sem það er vökvakælt eða loftkælt en þó er heimilt, ef framleiðandi óskar, að nota kerfi á prófunarbekk í stað loftkælis. Í báðum tilvikum skal mæling á afli við hvert hraðastig gerð með því þrýstingsfalli lofts í þrýstiloftskælikerfi á prófunarbekk sem framleiðandi hefur tilgreint fyrir kerfið í öllu ökutækini.
- (10) Ákvæði um mengunarvarnir geta meðal annars tekið til útblásturshringrása, hvarfakúta, hitahvarfrýmis, aukaloftaðstremiskerfis og kerfis til varnar uppgufun eldsneytis.

3.2. Stillingar

Stillingar fyrir prófun sem á að ákvarða hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli eru gefnar upp í töflu 2.

TAFLA 2

Stillingar

1	Stilling skammtara inngjafardælu	Stilling í samræmi við forskrift framleiðanda fyrir raðframleiðsluna og notuð óbreytt í hverri einstakri prófun
2	Stilling kveikju og inngjafartíðni (tíðniferill)	
3	Stilling gangráðs	
4	Mengunarvarnarbúnaður	

3.3. Prófunaraðstæður

3.3.1. Prófanir til að ákvarða hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli skulu framkvæmdar með fullri eldsneytisinnjöf og skal hreyfillinn búinn þeim búnaði sem er gefinn upp í töflu 1.

3.3.2. Mælingar skulu gerðar við stöðugar notkunaraðstæður að því er varðar þætti sem hafa áhrif á gang hreyfilsins og með nægilega miklu loftstreymi til hans. Hreyfillinn skal áður hafa verið í gangi í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Heimilt er að í brunahólfum séu eldsneytisleifar en þó í takmörkuðu magni.

Reynt skal að hafa prófunarskilyrði, eins og t.d. hita inntakslofts, eins nærri viðmiðunarskilyrðum (sjá lið 4.2) og unnt er til að halda leiðréttingarstuðli sem lægstum.

3.3.3. Hiti inntakslofts skal mældur innan við 0,15 m ofan við loftsíuna eða, ef loftsía er ekki notuð, innan við 0,15 m frá loftinntaksopinu. Hitamæli eða hitanema skal skýlt fyrir geislunarvarma og staðsettur í loftstraumnum. Þeim skal einnig skýlt fyrir eldsneytisúða. Nota verður nægilega margar stöður fyrir mælingar til að marktækt meðaltal fái fyrir inntakshita.

- 3.3.4. Mæling skal ekki framkvæmd fyrr en snúningskraftur, hraði og hiti hafa haldist tiltölulega stöðugir í 30 sekúndur hið minnsta.
- 3.3.5. Velja skal snúningshraða fyrir mælingarnar og má ekki víkja frá völdum hraða um meira en $\pm 1\%$ eða $\pm 10 \text{ min}^{-1}$ á meðan mæling er framkvæmd, og skal miða við þá tölu sem er hærri af þessum tveimur.
- 3.3.6. Mæla skal hemlaálag og hita inntakslofts samtímis og skal niðurstaðan vera meðaltal af tveimur stöðugum gildum sem fengin eru hvort á eftir öðru; hvað hemlaálag varðar má munur á þessum tveimur mælingum ekki vera meiri en sem nemur 2%.
- 3.3.7. Hita kælivökva við úttak frá hreyfli skal haldið innan við $\pm 5 \text{ K}$ frá efri hitastillimörkum sem framleiðandi hefur tilgreint. Hafi framleiðandi ekki tilgreint hitann skal hann vera $353 \text{ K} \pm 5 \text{ K}$.
- Þegar um loftkælda hreyfla er að ræða skal hita við punkt sem framleiðandi gefur upp haldið í $+0/-20 \text{ K}$ sem er hámarkshiti sem framleiðandi hefur tilgreint við viðmiðunaraðstæður.
- 3.3.8. Hiti eldsneytis skal mældur við inntak inngjafardælu eða blöndung og haldið innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.
- 3.3.9. Hiti smurolúu mældur í olúbotnskál eða við úttak olúkælis, ef hann er fyrir hendi, skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi hreyfilsins hefur sett.
- 3.3.10. Ef með þarf er heimilt að nota viðbótarstýribúnað til að halda hita innan þeirra marka sem tilgreind eru í liðum 3.3.7., 3.3.8 og 3.3.9.

3.3.11. *Eldsneyti*

(sjá lið 3.3.12 í II. viðauka).

3.4. **Prófunaraðferð**

Mælingar skulu gerðar á nægilega mörgum snúningshraðastigum til að mögulegt sé að ákvarða aflferil milli lægstu og hæstu hraðastiga sem framleiðandi mælir með. Þetta hraðasvið skal ná yfir snúningshraða vélarinnar þar sem hún nær hámarksvélarafli. Á hverju hraðastigi skal taka meðaltal af minnst tveimur mælingum á stöðugum hraða.

3.5. **Mæling á reyk tölu**

Á hreyflum með þrýstikveikju skal í prófuninni athugað hvort útblástursloft er í samræmi við skilyrði um framkvæmd ráðstafana gegn loftmengun, eftir að þær hafa tekið gildi.

4. LEIÐRÉTTINGARSTUÐLAR FYRIR SNÚNINGSKRAFT OG AFL

4.1. **Skilgreining**

Með leiðréttingarstuðli fyrir snúningskraft og afl er snúningskraftur og afl vélar ákvarðað við þau viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti sem lýst er í lið 4.2:

$$P_o = a \cdot P$$

þar sem:

P_o = leiðrétt afl (þ.e. afl við viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti)

a = leiðréttingarstuðullinn (a_a eða a_d)

P = mælt afl (prófunarafli).

4.2. Viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti

4.2.1. Hiti (T_o):

298 K (25 °C)

4.2.2. Þrýstingur án raka (P_{so})

99 kPa.

Aths:

Þrýstingur án raka er heildarloftþrýstingurinn 100 kPa að frátöldum vatnsgufuþrýstingnum 1 kPa.

4.3. Prófunarskilyrði í andrúmslofti

Skilyrði í andrúmslofti í prófuninni skulu vera eftirfarandi:

4.3.1. Hiti (T)

283 K $\leq T \leq$ 313 K.

4.3.2. Þrýstingur (P_s).

80 kPa $\leq P_s \leq$ 110 kPa.

4.4. Ákvörðun leiðréttingarstuðlanna a_a og a_d (¹)

Leiðréttingarstuðull (a_d) fyrir hreyfla með þrýstikveikju við stöðugt eldsneytisflæði er fenginn með formúlunni:

$$a_d = (f_a) f_m$$

þar sem:

f_a = stuðull fyrir andrúmsloft

f_m = færíbreyta sem stendur fyrir einkenni hvernar hreyfilgerðar og stillingar.

4.4.1. Stuðullinn f_a fyrir andrúmsloft

Þessi stuðull sýnir áhrif umhverfisþátta (þrýstings, hita og rakastigs) á loftið sem hreyfillinn sagnar inn. Stuðull fyrir andrúmsloft er breytilegur eftir hreyfilgerð.

4.4.1.1. Hreyflar með innsogi eða vélrænni forþjöppu

$$f_a = \left(\frac{99}{P_s} \right) \cdot \left(\frac{T}{298} \right)^{0.7}$$

4.4.1.2. Hreyflar með hverfiþjöppu með eða án kælingar á inntakslofti

$$f_a = \left(\frac{99}{P_s} \right)^{0.7} \cdot \left(\frac{T}{298} \right)^{1.5}$$

(¹) Heimilt er að framkvæma prófanir í loftkældum prófunarstofum þar sem stjórna má skilyrðum í andrúmslofti.

4.4.2. *Stuðull fyrir hreyfil f_m*

f_m er fall af q_c (leiðréttu eldsneytisflæði) sem hér segir:

$$f_m = 0,036 \times q_c - 1,14$$

þar sem:

$$q_c = q_r$$

þar sem:


q = eldsneytisflæði í millígrömmum á hvern feril á hvern lítra af heildarrúmmáli sprengirýmis [mg/(lítra · ferill)]

r = þrýstingshlutfall inntaks og úttaks þjöppu ($r = 1$ fyrir hreyfla með innsogi).

Þessi formúla gildir um gildi fyrir q_c sem liggja á bilinu 40 mg/(lítra · ferill) til 65 mg/(lítra · ferill).

Ef gildi fyrir q_c er lægra en 40 mg/(lítra · ferill) skal notað fastagildi fyrir f_m sem er jafnt 0,3° ($f_m = 0,3$).

Ef gildi fyrir q_c er hærra en 65 mg/(lítra · ferill) skal notað fastagildi fyrir f_m sem er jafnt 1,2 = ($f_m = 1,2^\circ$) (sjá línurit):



MYND

4.4.3. *Skilyrði sem skulu vera fyrir hendi á tilraunastofu*

Til að prófun sé gild skal leiðréttingarstuðullinn a_d vera á þann hátt að:

$$0,9 < a_d \leq 1,1$$

Ef farið er út fyrir þessi mörk skal rétt gildi gefið upp og prófunarskilyrði (hiti og þrýstingur) tilgreind nákvæmlega í prófunarskýrslu.

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

Í prófunarskýrslu skulu koma fram niðurstöður og allir útreikningar sem á þarf að halda til að finna hámarkssnúningsafl og hámarksnettóafl, eins og talið er upp í 2. undirviðbæti, svo og eiginleikar hreyfilsins sem taldir eru upp í 1. undirviðbæti.

Í skýrslunni skulu auk þess koma fram eftirtaldar upplýsingar:

Prófunaraðstæður

Prýstingur mældur við hámarksafl

loftþrýstingur:kPa

útblastur:kPa

undirþrýstingur við inntak:kPa í hreyfli

soggrein:

Hiti inntakslofts mældur við hámarksvélarafli: °C

kælivökva

við úttak kælivökva hreyfilsins.....

..... °C⁽¹⁾

við viðmiðunarpunkt ef um er að ræða loftkælingu:.....

..... °C⁽¹⁾

olíu: °C (tilgreinið mælipunkt)

eldsneytis

við inntak blöndungs/inngjafardælu⁽¹⁾.....

..... °C

í mælibúnaði fyrir eldsneytisnotkun: °C

útblasturs, mælt við punkt við hlið útblástursrör(a) soggreina(r)⁽³⁾..... °C

Eiginleikar aflmælis

Tegund:

Gerð:

Eldsneyti

Fyrir hreyfla með neistakveikju sem nota fljótandi eldsneyti:

Tegund:

Forskrift:

Viðbótarefni sem vinnur gegn ventlabanki (blý o.s.frv.)

Tegund:

Magn í mg/lítra:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

Oktantala

RON:

MON:

Eðlismassi: við 15 °C við 4 °C.....

Varmagildi:kJ/kg

Smurolía

Tegund:

Forskrift:

Seigja SAE:

Sundurliðaðar niðurstöður mælinga

Afköst hreyfils

Hreyfilhraði, min⁻¹

Snúningshraði aflmælihemils, min⁻¹

Álag á aflmælihemil, N

Snúningskraftur mældur við sveifarás, N · m

Mælt afl, kW

Prófunaraðstæður	Loftþrýstingur, kPa
	Hitastig inntakslofts, K

Leiðréttingarstuðull

Leiðréttur snúningskraftur sveifaráss, N · m

Leiðrétt afl, kW

Tilgreind eldsneytisnotkun⁽¹⁾, g/kW · h

Hitastig kælivökva hreyfilsins, K⁽²⁾

Hitastig olíu við mælipunkt, K

Hitastig útblásturs, K

Lofthiti neðan við forþjöppu, K

Þrýstingur neðan við forþjöppu, kPa

⁽¹⁾ Án leiðréttingar á afli.

⁽²⁾ Tilgreina skal staðsetningu mælipunkts: mæling hefur farið fram (strikið yfir það sem á ekki við):

a) við úttak fljótandi kælivökva;

b) við kertapakkingu;

c) annars staðar (tilgreinið).

6. LEYFÐ FRÁVIK VIÐ MÆLINGAR Á HÁMARKSSNÚNINGSKRAFTI OG HÁMARKSNETTÓAFLI
- 6.1. Munur á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils sem tækniþjónusta mælir með og því sem framleiðandi gefur upp má vera $\pm 5\%$ ef mælt afl er ≤ 11 kW og $\pm 2\%$ ef mælt afl er > 11 kW, með 1,5% frávik fyrir hreyfilhraða.
- 6.2. Munur á hámarkssnúningskrafti og hámarksnettóafli hreyfils við samræmisprófun á framleiðslu og gildum sem eru ákvörðuð við gerðarviðurkenningarprófun íhluta má vera $\pm 10\%$ ef mælt afl er ≤ 11 kW og $\pm 5\%$ ef mælt afl er > 11 kW.

1. undirviðbætur

Upplýsingaskjal um grundvallareiginleika hreyfilgerðar⁽¹⁾ sem hafa áhrif á hámarkssnúningskraft og hámarksnettóafli

(Hreyflar með þrýstikveikju fyrir ökutæki á tveimur eða þremur hjólum)

(Skal fylgja með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutækinu)

Tilvísunarnúmer (tilgreint af umsækjanda):

Umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til hámarkssnúningskrafts og hámarksvélarafl fyrir gerð ökutækis á tveimur eða þremur hjólum verða að fylgja þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka við tilskipun 92/61/EBE, A-hluta, í eftirfarandi liðum:

- 0.1,
- 0.2,
- 0.4 til 0.6,
- 3 til 3.2.1.5,
- 3.2.2,
- 3.2.4.2 til 3.2.4.2.8.3, 3.2.5 til 3.2.6.8,
- 3.2.7 til 3.2.12.2.1,
- 3.5 til 3.6.3.1.2.

⁽¹⁾ Framleiðandinn gefi samsvarandi upplýsingar þegar um er að ræða óvenjulega hreyfla eða kerfi.

2. undirviðbætur

Heiti yfirvalds

Gerðarviðurkenningarvottorð íhluta varðandi hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl í gerð vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr.gefin út af prófunaraðila, dagsetning

Viðurkenning nr.:Útvíkkun nr.:

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis:
2. Gerð ökutækis:
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
.....
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á):
.....
5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann:
6. Hámarkssnúningskraftur:.....Nm viðmin⁻¹
7. Hámarksnettóafli:.....kW viðmin⁻¹
8. Viðurkenning er veitt/synjað er um viðurkenningu⁽¹⁾.....
9. Staður:
10. Dagsetning:
11. Undirskrift:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/45/03****nr. 58/95
frá 18. júlí 1995****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/3/EB frá 14. febrúar 1995 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0003:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/3/EB frá 14. febrúar 1994 (Stjttíð. EB nr. L 41, 23. 2. 1995, bls. 44).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/3/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. L 41, 23. 2. 1995, bls. 44.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/3/EB

frá 14. febrúar 1995

um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/109/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ráðstafanir bandalagsins sem eru fyrirhugaðar með þessari tilskipun eru ekki aðeins nauðsynlegar heldur einnig óhjákvæmilegar til að ná markmiðum innri markaðarins. Aðildarríkin geta ekki náð þessum markmiðum hvert í sínu lagi. Þar að auki er nú þegar kveðið á um í tilskipun 89/109/EBE að þeim skuli náð á vettvangi bandalagsins.

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/9/EBE ⁽³⁾, einkum 4. mgr. 3. gr., er kveðið á um endurskoðun II. viðauka, einkum þáttar B.

Heimilt er á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga að taka tiltekin efni sem leyfð voru til bráðabirgða í aðildarríkjunum upp í skrá bandalagsins.

Tiltekin efni sem leyfð voru til bráðabirgða í aðildarríkjunum má nota áfram í tiltekinn tíma, þar eð gögn sem vísindanefndin um matvæli óskaði eftir liggja enn ekki fyrir en nú standa umbeðnar rannsóknir yfir eða eru fyrirhugaðar.

Eftir að tilskipun 90/128/EBE var samþykkt hefur verið sótt um heimild til að nota önnur efni sem unnt er að taka upp í skrá bandalagsins samkvæmt fyrirbyggjandi tæknigögnum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum ber að breyta takmörkunum sem þegar hafa verið samþykktar varðandi tiltekin efni.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 41, 23. 2. 1995, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 38.

(2) Stjtið. EB nr. L 75, 21. 3. 1990, bls. 19, leiðrétt í Stjtið. EB nr. L 349, 13. 12. 1990, bls. 26.

(3) Stjtið. EB nr. L 90, 14. 4. 1993, bls. 26.

Nauðsyn ber til að víkka gildissvið skrárinnar og taka aukefni upp í hana til að stuðla að enn frekari samhæfingu á þessu sviði.

Fjöldi efna sem taka ber upp í endanlega skrá yfir aukefni er það mikill að nauðsynlegt er að gera það í áföngum, enda þótt lokaáfanginn verði endanleg skrá yfir aukefni (fullkomin skrá).

Skráin í þessari tilskipun er ófullgerð frumskrá og þar af leiðandi er þar ekki að finna öll efni sem um þessar mundir eru samþykkt í einu eða fleiri aðildarríkjum og því er unnt að hafa áfram eftirlit með þessum efnunum með innlendra löggjöf meðan ákvörðunar um upptöku í skrá bandalagsins er beðið.

Sérreglur um hreinleikaviðmiðanir, sem enn hafa ekki verið teknar upp í þessa tilskipun, kunna að vera nauðsynlegar vegna tiltekinn efna og því er unnt að hafa áfram eftirlit með þessum þætti með innlendra löggjöf meðan ákvörðunar á vettvangi bandalagsins er beðið.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 90/128/EBE:

1. Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

Í III. viðauka er að finna ófullgerða skrá yfir aukefni sem heimilt er að nota við framleiðslu plastefna og -hluta.“

2. II. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa tilskipun.

3. II. viðauka við þessa tilskipun er bætt við sem III. viðauka.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu:

- heimila, frá 1. apríl 1996, viðskipti með og notkun plastefna og -hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og eru í samræmi við þessa tilskipun;
- banna, frá 1. apríl 1998, viðskipti með og notkun plastefna og -hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli en eru ekki í samræmi við þessa tilskipun.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 14. febrúar 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við tilskipun 90/128/EBE:

- a) Á eftir orðinu „gæði“ í 4. lið bætist „með tilliti til hreinleikaviðmiðana“.
- b) Þætti A er breytt eins og fram kemur í 1., 2. og 3. viðbæti.
- c) Þætti B er breytt eins og fram kemur í 4. viðbæti.

1. Viðbætur

Skrá yfir einliður og önnur grunnefni sem bætast við þátt A

PM/tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
12789	007664-41-7	Ammóníak	
14411	008001-79-4	Laxerólía	

2. Viðbætur

Skrá yfir einliður og önnur grunnefni í þætti A þar sem breytingar hafa verið gerðar í dálkinum „Takmarkanir“

PM/tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
24130	008050-09-7	Rósínlím	Sjá „Rósín“
24887	006362-79-4	5-súlfóísóftalsýra, mónónatríumsalt	TFM = 5 mg/kg

3. Viðbætur

Skrá yfir einliður og önnur grunnefni sem eru felld brott

PM/tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
14410	008001-79-4	Rísínusólía (matvælagæði)	

4. Viðbætur**Skrá yfir einliður og önnur grunnefni sem flytjast í þátt A**

PM/tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
10660	015214-89-8	2-akrýlamídó-2-metýlprópan-súlfónsýra	TFM = 0,05 mg/kg
15070	001647-16-1	1,9-dekadíen	TFM = 0,05 mg/kg
17050	000104-76-7	2-etyl-1-hexanól	TFM = 30 mg/kg
19270	000097-65-4	Ítakónsýra	
26140	000075-38-7	Vínýlidenflúoríð	TFM = 5 mg/kg

II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

ÓFULLGERÐ SKRÁ YFIR AUKEFNI SEM HEIMILT ER AÐ NOTA VIÐ FRAMLEIÐSLU Á PLASTEFNUM OG -HLUTUM

Almennur inngangur

1. Í þessum viðauka er skrá yfir:
 - a) efni sem er blandað í plast til að ná fram tæknilegum áhrifum í fullunninni vöru. Ætlast er til þess að þau sé að finna í fullnum hlutum;
 - b) efni sem eru notuð til að ná fram æskilegri fjölliðun (t.d. ýruefni, yfirborðsvirk efni, stuðpúðaefni, o.s.frv.).Í skránni eru ekki efni sem hafa bein áhrif á fjölliðamyndun (t.d. hvatakerfi).
2. Í skránni eru ekki ál-, ammóníum-, kalsíum-, járn-, magnesíum-, kalíum-, natríum- og sinksölt (þar með talin tvísölt og sýrusölt) af leyfðum sýrum, fenólum eða alkóhólum sem einnig eru leyfð. Heitin „...sýra(sýrur), sölt“ koma þó fyrir í skránni ef samsvarandi óbundin sýra er ekki tilgreind. Í þeim tilvikum merkir orðið „sölt“ „ál-, ammóníum-, kalsíum-, járn-, magnesíum-, kalíum-, natríum-, og sinksölt.“
3. Skráin tekur ekki til eftirtalinna efna sem þó kunna að vera til staðar:
 - a) efna sem kunna að vera í fullunninni vöru sem:
 - óhreinindi í þeim efnum sem eru notuð,
 - millihvarfefni,
 - niðurbrotsefni;
 - b) blandna leyfðu efnanna.Efnin og hlutirnir sem efnin í a- og b-lið eru í skulu uppfylla kröfur 2. gr. tilskipunar 89/109/EBE.
4. Tæknileg gæði efnanna skulu vera mikil með tilliti til hreinleikaviðmiðana.
5. Í skránni eru eftirfarandi upplýsingar:
 - 1. dálkur (PM/tilvísunarnúmer): EBE-tilvísunarnúmer umbúðaefna í skránni,
 - 2. dálkur (CAS-númer): CAS-skráningarnúmer (Chemical Abstract Service),
 - 3. dálkur (Heiti): efnaheitið,
 - 4. dálkur (Takmarkanir). Þær kunna að vera:
 - tiltekin flæðimörk (TFM),
 - leyfilegt hámarks magn efnaleifa í efninu eða hlutum (HM),
 - aðrar takmarkanir sem sérstaklega er getið um.
6. Ef efni sem er tilgreint í skránni sem einstakur efnisþáttur hefur einnig almennt heiti skulu takmarkanirnar sem gilda um þetta efni vera þær sem tilgreindar eru fyrir einstaka efnisþáttinn.
7. Ef ósamræmi er milli CAS-númers og efnaheitis skal efnaheitið gilda. Ef ósamræmi er milli CAS-númers í EINECS og CAS-skránni gildir hið síðartalda.

Ófullgerð skrá yfir aukefni

PM/ tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
30000	000064-19-7	Ediksýra	
30045	000123-86-4	Ediksýra, bútýlester	
30140	000141-78-6	Ediksýra, etýlester	
30280	000108-24-7	Ediksýruanhýdríð	
30295	000067-64-1	Aseton	
30370	-	Asetýlediksýra, sölt	
30400	-	Asetýleruð glýseríð	
30960	-	Esterar af alifatískum mónókarboxýlsýrum (C ₆ -C ₂₂) með fjölglyseróli	
31328	-	Fítusýrur úr fituefnum og olíum úr dýra- og jurtaríkinu sem teljast til matvæla	
31730	000124-04-9	Adipsýra	
33120	-	Alkóhól, alifatísk, mónóhýdrísk, mettuð, línuleg, frumalkóhól (C4-C24)	
33350	009005-32-7	Algínsýra	
34480	-	Áltrefjar, spænilir og duft	
34560	021645-51-2	Álhýdroxíð	
34690	011097-59-9	Ál-magnesíum-hýdroxíðkarbónat	
34720	001344-28-1	Áloxíð	
35120	013560-49-1	amínókrótónsýra, díester með þióbis(2hýdroxyetýl)eter	
35320	007664-41-7	Ammóníak	
35440	012124-97-9	Ammóníumbrómíð	
35600	001336-21-6	Ammóníumhýdroxíð	
35840	000506-30-9	Arakínsýra	
35845	007771-44-0	Arakídónsýra	
36000	000050-81-7	Askorbínsýra	
36080	000137-66-6	Askorbýlpalmítat	
36160	010605-09-1	Askorbýlstearat	
36880	008012-89-3	Bývax	
36960	003061-75-4	Behenamíð	
37040	000112-85-6	Behensýra	
37280	001302-78-9	Bentonít	
37600	000065-85-0	Bensósýra	
37680	000136-60-7	Bensósýra, bútýlester	
37840	000093-89-0	Bensósýra, etýlester	
38080	000093-58-3	Bensósýra, metýlester	
38160	002315-68-6	Bensósýra, própýlester	
38950	079072-96-1	Bis- (4-etýlbensýlídén) sorbítól	
39890	087826-41-3	Bis- (metýlbensýlídén) sorbítól	
	069158-41-4		
	054686-97-4		
40400	010043-11-5	Bórínítríð	
40570	000106-97-8	Bútan	
41040	005743-36-2	Kalsíumbútýrat	
41280	001305-62-0	Kalsíumhýdroxíð	
41520	001305-78-8	Kalsíumoxíð	
41600	012004-14-7	Kalsíumsúlfóalúmínat	
	037293-22-4		
41760	008006-44-8	Kandelillavax	

PM/ tilvísunamúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
41960	000124-07-2	Kaprylsýra	
42160	000124-38-9	Koldíoxíð	
42500	-	Kolsýra, sölt	
42640	009000-11-7	Karboxýlmetýlsellulósi	
42720	008015-86-9	Karnaubavax	
42800	009000-71-9	Kasín	
42960	064147-40-6	Laxerolía, vatnssneydd	
43200	-	Laxerolía, mónó- og díglýseríð	
43280	009004-34-6	Sellulósi	
43300	009004-36-8	Sellulósa-asetóbútýrat	
43360	068442-85-3	Sellulósi, endurunninn	
43440	008001-75-0	Seresín	
44160	000077-92-9	Sítrónusýra	
44640	000077-93-0	Sítrónusýra, tríetýlester	
45280	-	Baðmullartrefjar	
45560	014464-46-1	Kristóbalít	
45760	000108-91-8	Sýklóhexýlamín	
45920	009000-16-2	Dammar	
45940	000334-48-5	n-dekansýra	
46070	010016-20-3	alfa-Dextrín	
46080	007585-39-9	beta-Dextrín	
46375	061790-53-2	Kísilgúr	
46480	032647-67-9	Díbensýlídensorbítól	
46790	004221-80-1	3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýbensósýra, 2,4dí-tert-bútýlfenýlester	
46800	067845-93-6	3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýbensósýra, hexadesýlester	
46870	003135-18-0	3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýbensýlfosfónsýra, díoktadesýlester	
47440	000461-58-5	Dísýanódíamíð	
49540	000067-68-5	Dímetylsúlfoxíð	
51200	000126-58-9	Dípentaerýtrítól	
51760	025265-71-8	Díprópýlenglýkól	
	000110-98-5		
52640	016389-88-1	Dólómít	
52730	000112-86-7	Erúkasýra	
52800	000064-17-5	Etanól	
53270	037205-99-5	Etýlkarboxýmetýlsellulósi	
53280	009004-57-3	Etýlsellulósi	
53360	000110-31-6	N,N'-etýlen-bis-óleamíð	
53440	005518-18-3	N,N'-etýlen-bis-palmítamíð	
53520	000110-30-5	N,N'-etýlen-bis-stearamíð	
53600	000060-00-4	Etýlendíamíntetraedíksýra	
54005	005136-44-7	Etýlen-N-palmítamíð-N'-stearamíð	
54260	009004-58-4	Etýlhýdroxýetýlsellulósi	
54270	-	Etýlhýdroxýmetýlsellulósi	
54280	-	Etýlhýdroxýprópýlsellulósi	
54450	-	Fita og olíur úr innihaldsefnum matvæla úr dýra- og jurtaríkinu	
54480	-	Fita og olíur, hertar, úr innihaldsefnum matvæla úr dýra- og jurtaríkinu	
55040	000064-18-6	Maurasýra	
55120	000110-17-8	Fúmarsýra	
55190	029204-02-2	Gadóleinsýra	
55440	009000-70-8	Gelatín	
55680	000110-94-1	Glútarsýra	

PM/ tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
55920	000056-81-5	Glýseról	
56020	099880-64-5	Glýseról-díbehenat	
56360	-	Glýseról, esterar með ediksýru	
56487	-	Glýseról, esterar með bútýrsýru	
56490	-	Glýseról, esterar með erúkasýru	
56495	-	Glýseról, esterar með 12-hýdroxýstearínsýru	
56500	-	Glýseról, esterar með lárínsýru	
56510	-	Glýseról, esterar með línólsýru	
56520	-	Glýseról, esterar með mýristínsýru	
56540	-	Glýseról, esterar með olúsýru	
56550	-	Glýseról, esterar með palmitínsýru	
56565	-	Glýseról, esterar með nónansýru	
56570	-	Glýseról, esterar með própíónsýru	
56580	-	Glýseról, esterar með ríkínólsýru	
56585	-	Glýseról, esterar með sterínsýru	
56610	030233-64-8	Glýseról-mónóbehenat	
56720	026402-23-3	Glýseról-mónóhexanóat	
56800	030899-62-8	Glýseról-mónóláratdíasetat	
56880	026402-26-6	Glýseról-mónóoktanóat	
57040	-	Glýseról-mónóóleat, ester með askorbínsýru	
57120	-	Glýseról-mónóóleat, ester með sítrónusýru	
57200	-	Glýseról-mónópalmitat, ester með askorbínsýru	
57280	-	Glýseról-mónópalmitat, ester með sítrónusýru	
57600	-	Glýseról-mónóstearat, ester með askorbínsýru	
57680	-	Glýseról-mónóstearat, ester með sítrónusýru	
57920	000620-67-7	Glýseról-tríheptanóat	
58300	-	Glýsín, sölt	
58320	007782-42-5	Grafít	
58400	009000-30-0	Gúargúmmí	
58480	009000-01-5	Arabískt gúmmí	
58720	000111-14-8	Heptansýra	
59360	000142-62-1	Hexansýra	
59760	019569-21-2	Húntít	
59990	007647-01-0	Saltsýra	
60030	012072-90-1	Hýdrómagnesít	
60080	012304-65-3	Hýdrótalkít	
60160	000120-47-8	4-hýdroxýbensósýra, etýlester	
60180	004191-73-5	4-hýdroxýbensósýra, ísóprópýlester	
60200	000099-76-3	4-hýdroxýbensósýra, metýlester	
60240	000094-13-3	4-hýdroxýbensósýra, própýlester	
60560	009004-62-0	Hýdroxýetýlsellulósi	
60880	009032-42-2	Hýdroxýetýlmetýlsellulósi	
61120	009005-27-0	Hýdroxýetýlsterkja	
61390	037353-59-6	Hýdroxýmetýlsellulósi	
61680	009004-64-2	Hýdroxýprópýlsellulósi	
61800	009049-76-7	Hýdroxýprópýlsterkja	
61840	000106-14-9	12-Hýdroxýstearínsýra	

PM/ tilvísunamúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
62140	006303-21-5	Hýpófósforýrlingur	
62240	001332-37-2	Járnoxíð	
62450	000078-78-4	Ísópentan	
62640	008001-39-6	Japanvax	
62720	001332-58-7	Kaólín	
62800	-	Kaólín, brennt	
62960	000050-21-5	Mjólkursýra	
63040	000138-22-7	Mjólkursýra, bútýlester	
63280	000143-07-7	Lárínsýra	
63760	008002-43-5	Lesítín	
63840	000123-76-2	Levúlínsýra	
63920	000557-59-5	Lignóserínsýra	
64015	000060-33-3	Línólsýra	
64150	028290-79-1	Línólensýra	
64500	-	Lýsín, sölt	
64640	001309-42-8	Magnesíumhýdroxíð	
64720	001309-48-4	Magnesíumoxíð	
65020	006915-15-7	Eplasýra	
65040	000141-82-2	Malónsýra	
65520	000087-78-5	Mannítól	
66200	037206-01-2	Metýlkarboxýmetýlsellulósi	
66240	009004-67-5	Metýlsellulósi	
66640	009004-59-5	Metýletýlsellulósi	
66695	-	Metýlhýdroxýmetýlsellulósi	
66700	009004-65-3	Metýlhýdroxýprópýlsellulósi	
67120	012001-26-2	Flögusilíkat	
67200	001317-33-5	Mólýbdendísúlfíð	
67840	-	Montansýrur og/eða esterar þeirra með etýlenglykóli og/eða með 1,3-bútandíól og/eða með glýseról	
67850	008002-53-7	Montanvax	
67891	000544-63-8	Mýristínsýra	
68040	003333-62-8	7-[2H-Naftó-(1,2-D)tríasól-2-ýl]-3-fenýlkúmarín	
68125	068187-64-4	Nefelínsýrenít	
69040	000112-80-1	Olíusýra	
69760	000143-28-2	Óleylalkóhól	
70000	070331-94-1	2,2'-Oxamídóbis[etýl-3-(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýfenýl)- própíónat]	
70240	012198-93-5	Ósókerít	
70400	000057-10-3	Palmitínsýra	
71020	000373-49-9	Palmitóleínsýra	
71440	009000-69-5	Pektín	
71600	000115-77-5	Pentaerýtrítól	
71680	006683-19-8	Pentaerýtrítól tetrakis[3-(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýfenýl)- própíónat]	
71720	000109-66-0	Pentan	
72640	007664-38-2	Fosfórsýra	
74240	031570-04-4	Fosfórsýrlingur, tris(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)ester	
74480	000088-99-3	o-Phtalsýra	
76320	000085-44-9	Phtalanhýdríð	
76720	009016-00-6	Pólýdímetýlsíloxan	
	063148-62-9		
76960	025322-68-3	Pólýetýlenglykól	

PM/ tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
77600	061788-85-0	Ester af pólýetýlenglykóli með hertri laxerolíu	
77702	-	Ester af pólýetýlenglykóli með alifatískum mónókarboxílsýrum (C ₆ - C ₂₂) og ammóníum- og natríumsúlföt þeirra	
79040	009005-64-5	Pólýetýlenglykól-sorbítan-mónólárat	
79120	009005-65-6	Pólýetýlenglykól-sorbítan-mónóóleat	
79200	009005-66-7	Pólýetýlenglykól-sorbítan-mónópalmítat	
79280	009005-67-8	Pólýetýlenglykól-sorbítan-mónóstearat	
79360	009005-70-3	Pólýetýlenglykól-sorbítan-tríóleat	
79440	009005-71-4	Pólýetýlenglykól-sorbítan-trístearat	
80240	029894-35-7	Pólýglyserólísínóleat	
80640	-	Pólýoxýalkýl (C ₂ -C ₄)dímetýlpólýsiloxan	
80720	008017-16-1	Pólýfosfórsýrur	
81520	007758-02-3	Kalíumbrómíð	
81600	001310-58-3	Kalíumhýdroxíð	
81840	000057-55-6	1,2-Própandíól	
81882	000067-63-0	2-Própanól	
82000	000079-09-4	Própiónsýra	
82080	009005-37-2	1,2-Própýlenglykólalginat	
82240	022788-19-8	1,2-Própýlenglykóldílarat	
82400	000105-62-4	1,2-Própýlenglykóldíóleat	
82560	033587-20-1	1,2-Própýlenglykóldípalmítat	
82720	006182-11-2	1,2-Própýlenglykóldístearat	
82800	027194-74-7	1,2-Própýlenglykólmónólárat	
82960	001330-80-9	1,2-Própýlenglykólmónóóleat	
83120	029013-28-3	1,2-Própýlenglykólmónópalmítat	
83300	001323-39-3	1,2-Própýlenglykólmónóstearat	
83320	-	Própýlhýdroxýetýlsellulósi	
83325	-	Própýlhýdroxýmetýlsellulósi	
83330	-	Própýlhýdroxýprópýlsellulósi	
83440	002466-09-3	Pýrófosfórsýra	
83455	013445-56-2	Pýrófosfórsýrlingur	
83460	012269-78-2	Pýrófyllít	
83470	014808-60-7	Kvarts	
83610	073138-82-6	Resínsýrur og rósínsýrur	
83840	008050-09-7	Rósín	
84000	008050-31-5	Rósín, ester með glyseróli	
84080	008050-26-8	Rósín, ester með pentaerýtrítóli	
84210	065997-06-0	Rósín, vetnað	
84240	065997-13-9	Rósín, vetnað, ester með glyseróli	
84320	008050-15-5	Rósín, vetnað, ester með metanóli	
84400	064365-17-9	Rósín, vetnað, ester með pentaerýtrítóli	
84560	009006-04-6	Náttúrugúmmí	
84640	000069-72-7	Salísýlsýra	
85600	-	Náttúrusilíkköt	
85980	-	Kísilsýra, sölt	
86000	-	Kísilsýra, silýlöðuð	
86160	000409-21-2	Kísilkarbíð	
86240	007631-86-9	Kísildíoxíð	
86560	007647-15-6	Natríumbrómíð	
86720	001310-73-2	Natríumhýdroxíð	
87200	000110-44-1	Sorbínsýra	
87280	029116-98-1	Sorbítandíóleat	

PM/ tilvísunarnúmer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir
(1)	(2)	(3)	(4)
87520	062568-11-0	Sorbítanmónóbehenat	
87600	001338-39-2	Sorbítanmónólárat	
87680	001338-43-8	Sorbítanmónóóleat	
87760	026266-57-9	Sorbítanmónópalmítat	
87840	001338-41-6	Sorbítanmónóstearat	
87920	061752-68-9	Sorbítantetrastearat	
88080	026266-58-0	Sorbítantríóleat	
88160	054140-20-4	Sorbítantríplamítat	
88240	026658-19-5	Sorbítantrístearat	
88320	000050-70-4	Sorbítól	
88600	026836-47-5	Sorbítólmónóstearat	
88800	009005-25-8	Sterkja, neysluhaf	
88880	068412-29-3	Sterkja, vatnsrofin	
89040	000057-11-4	Sterínsýra	
90720	058446-52-9	Steróýlbensóýlmetan	
90800	005793-94-2	Steróýl-2-laktýlsýra, kalsíumsalt	
90960	000110-15-6	Rafsýra	
91200	000126-13-6	Súkrósaasetat-ísóbútýrat	
91360	000126-14-7	Súkrósaoktaasetat	
91840	007704-34-9	Brennisteinn	
91920	007664-93-9	Brennisteinssýra	
92080	014807-96-6	Talk	
92160	000087-69-4	Vínsýra	
92195	-	Tárín, sölt	
92205	057569-40-1	Tereftalsýra, díester með 2,2'metýlenbis(4-metýl-6-tert- butýlfenól)	
92350	000112-60-7	Tetraetýlenglýkól	
92640	000102-60-3	N,N,N',N'-Tetrakis(2hýdroxýprópýl)etýlendíamín	
93440	013463-67-7	Títandíoxíð	
93520	000059-02-9	alfa-Tókóferól	
	010191-41-0		
93680	009000-65-1	Tragantgúmmí	
94320	000112-27-6	Tríetýlenglýkól	
95200	001709-70-2	1,3,5-Trímetýl-2,4,6-tris(3,5-dí-tertbutýl-4-hýdroxýbensýl)bensen	
95905	013983-17-0	Wollastónít	
95920	-	Trémjöl og -trefjar, óunnið	
95935	011138-66-2	Xantangúmmí	
96190	020427-58-1	Sinkhýdroxíð	
96240	001314-13-2	Sinkoxíð	
96320	001314-98-3	Sinksúlfíð	

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/45/04****nr. 59/95
frá 18. júlí 1995****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/94 frá 28. október 1994⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **394 R 3135:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94 frá 15. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 332, 22. 12. 1994, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3135/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 38.

(²) Stjtið. EB nr. L 332, 22. 12. 1994, bls. 1.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 3135/94**frá 15. desember 1994****um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1992 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna⁽¹⁾, einkum 11. gr. og I. viðauka,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽²⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í c-lið 189. gr. sáttmálans⁽⁴⁾.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í áður nefndum I. viðauka er skrá yfir efni sem eru bönnuð eða háð ströngum takmörkunum í bandalaginu. Samkvæmt 11. gr. sömu reglugerðar ber að endurskoða skrána reglulega og breyta henni eftir þörfum.

Í kjölfar breytinga og aðlögunar að tækniframförum á tilskipun 79/117/EBE⁽⁵⁾, um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni, og á tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna⁽⁶⁾, er nauðsynlegt að breyta skránni yfir efni í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 og bæta fleiri efnum í hana.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í stað töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2455/92 komi taflan í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi einum mánuði eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MERKEL

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 332, 22. 12. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 13.

(2) Stjttíð. EB nr. C 112, 22. 4. 1993 bls. 12.

(3) Stjttíð. EB nr. C 249, 13. 9. 1993, bls. 5.

(4) Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjttíð. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 98.), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. C 213, 3. 8. 1994, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(5) Stjttíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 36. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/188/EBE (Stjttíð. EB nr. L 92, 13. 4. 1991, bls. 42).

(6) Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/339/EBE (Stjttíð. EB nr. L 186, 12. 7. 1991, bls. 64).

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Notkunarflokkur	Notkun- artakmörk
	(a)	(b)	(c)	(d)
1. Kvikasilfursoxíð	21908-53-2	244-654-7	p	b
2. Kvikasilfursklóríð (kalómel)	10112-91-1	233-307-5	p	b
3. Önnur ólífræn kvikasilfursambönd			p	b
4. Alkýlkvikasilfursambönd			p	b
5. Alkoxyalkýl- og arýlkvikasilfursambönd				
6. Aldrín	309-00-2	206-215-8	p	b
7. Klórdan	57-74-9	200-349-0	p	b
8. Díeldrín	60-57-1	200-484-5	p	b
9. DDT	50-29-3	200-024-3	p	b
10. Endrín	72-20-8	200-775-7	p	b
11. HCH sem inniheldur minna en 99,0% af gammamyndbrigði	608-73-1	210-168-9	p	b
12. Heptaklór	76-44-8	200-962-3	p	b
13. Hexaklóróbensen	118-74-1	204-273-9	p	b
14. Kamfeklór (toxafen)	8001-35-2	232-283-3	p	b
15. Fjöklóruð bifényl (PCB), nema ein- og tvíklóruð bifényl	1336-36-3	215-648-1	p	b
16. Fjöklóruð terfenýl (PCT)	61788-33-8	262-968-2	i	b
17. Efnablöndur sem innihalda meira en 0,005% af PCB eða PCT miðað við þyngd			i	b
18. Tris (2,3-díbrómoprópýl) fosfat	126-72-7	204-799-9	i	b
19. Tris-asiridínýl-fosfínnoxíð	545-55-1	208-892-5	i	sr
20. Fjölbromuð bifényl (PBB)			i	sr
21. Asbestrefjar:			i	sr
Krókidólít	12001-28-4		i	b
Amósít	12172-73-5		i	b
Antópyllít	77536-67-5		i	b
Aktínólít	77536-66-4		i	b
Tremólít	77536-68-6		i	b
22. Nítrófen	1836-75-5	217-406-0	p	b
23. 1,2 Díbrómóetan	106-93-4	203-444-5	p	b
24. 1,2 Díklóróetan	107-06-2	203-458-1	p	b
25. Pentaklórófenól og sölt þess og esterar	87-86-5	201-778-6	i	sr
26. Ugilek 121			i	b
27. Ugilek 141	76253-60-6	278-404-3	i	sr
28. DBBT	99688-47-8		i	b
29. Etýlenoxíð	75-21-8	200-849-9	p	b
30. Dínóseb, asetat þess og sölt	88-85-7	201-861-7	p	b
31. Bínapakrýl	485-31-4	207-612-9	p	b
32. Kapadafól	2425-06-01	219-363-3	p	b
33. Díkófól sem inniheldur < 78% p,p'-díkófól eða > 1 g/kg af DDT og DDT tengdum efnasamböndum	115-32-2	204-082-0	p	b

Efni	CAS-nr. (a)	EINECS-nr. (b)	Notkunarflokkur (c)	Notkun- artakmörk (d)
34. a) Malínsýruhádrasíð og sölt þess, önnur en kólín-, kalíum- og natríumsölt þess b) Kólín-, kalíum- og natríumsölt malínsýruhádrasíðs sem inniheldur meira en 1 mg/kg af frjálsu hádrasíni, táknað á grundvelli sýrujafngildis	123-33-1	204-619-9	p	b
35. Kvintósen sem inniheldur meira en 1 g/kg af hexaklóróbenseni eða > 10 g/kg af pentaklóróbenseni	82-68-8	201-435-0	p	b
36. 2-Naftýlamín	91-59-8	202-080-4	i	sr
37. Bensídín	92-87-5	202-199-1	i	sr
38. 4-Nítróbífenýl	92-93-3	202-204-7	i	sr
39. 4-Amínóbífenýl	92-67-1	202-177-1	i	sr

a) CAS = Chemical Abstracts Service.

b) EINECS = Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni (European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances)

c) Notkunarflokkur:
p: plöntuvarnarefni
i: iðnaðarefni

d) Notkunartakmörk:
sr: ströng takmörk
b: bann“

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/45/05

nr. 60/95
frá 18. júlí 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/94 frá 28. október 1994⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3315/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3118/93 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 R 3315:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3315/94 frá 22. desember 1994 (Stjttíð. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 9).“.

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliða a) til j) í lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93):

„a) reglugerð þessi gildir ekki fyrir 1995 og 1996 um fyrirtæki sem hafa staðfestu í Austurríki og hún gildir ekki heldur í tengslum við vöruflutninga á austurrísku yfirráðasvæði.

b) eftirfarandi bætist við 2. gr.:

„Gestaflutningakvóti Íslands, Liechtensteins og Noregs skal vera 560 leyfi og gildir hvert leyfi í tvo mánuði; kvótinn skal hækkaður um 30% árlega frá 1. janúar 1996.

Þessum kvóta skal skipt á milli Íslands, Liechtensteins og Noregs á eftirfarandi hátt:

	1995	1996	1997	1. janúar 1998- 30. júní 1998
Ísland	13	17	23	15
Liechtenstein	33	43	57	37
Noregur	514	669	870	567

Kvóti Liechtensteins fyrir 1995 skal vera 8/12 af heildarárskvóta fyrir 1995 sem er í samræmi við þann fjölda almanaksmánaða sem eftir eru á árinu 1995 eftir gildistöku EES-samningsins gagnvart Liechtenstein 1. maí 1995.

Bandalagið skal fá 521 viðbótargestaflutningaleyfi og gildir hvert leyfi í tvo mánuði; þessi leyfisfjöldi skal hækkaður um 30% árlega frá 1. janúar 1996.

Gestaflutningaleyfum bandalagsins skal skipt á milli aðildarríkja EB á eftirfarandi hátt:

	1995	1996	1997	1. janúar 1998- 30. júní 1998
Belgía	40	52	69	45
Danmörk	40	53	69	44
Þýskaland	67	88	115	75
Grikkland	19	25	34	22
Spánn	42	55	73	49
Frakkland	56	73	95	62
Írland	18	23	29	19
Ítalía	55	72	94	62
Lúxemborg	20	26	35	24
Holland	59	78	102	67
Austurríki	0	0	48	31
Portúgal	24	31	40	26
Finnland	20	26	34	23
Svíþjóð	26	34	45	30
Breska konungsríkið	35	46	60	40

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 72 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 68.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 9.

c) í 2. mgr. 3. gr. skal „framkvæmdastjórn“ hljóða „framkvæmdastjórn EB“. Að því er Ísland, Liechtenstein og Noreg varðar skal framkvæmdastjórn EB senda gestaflutningaleyfi áfram til fastanefndar EFTA-ríkjanna sem skal dreifa þeim til hlutaðeigandi staðfesturíkja;

d) í tilvikum sem um getur í 5. og 11. gr. skal að því er EFTA-ríkin varðar „framkvæmdastjórn“ hljóða „fastanefnd EFTA-ríkjanna“;

Yfirlýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. skulu jafnframt sendar sameiginlegu EES-nefndinni og skal hún safna þeim saman og senda áfram til EB- og EFTA-ríkjanna;

e) eftirfarandi komi í stað texta e-liðar 1. mgr. 6. gr.:

„VSK (virðisaukaskattur) eða veltuskattur á flutningaþjónustu.“;

f) í tilvikum sem um getur í 7. gr.:

- að því er EFTA-ríkin varðar skal „framkvæmdastjórn“ lesast sem „eftirlitsstofnun EFTA“ og „ráðið“ sem „fastanefnd EFTA-ríkjanna“;

- ef framkvæmdastjórnin fær beiðni frá aðildarríki EB eða eftirlitsstofnun EFTA frá Íslandi, Liechtenstein eða Noregi um að samþykkja öryggisráðstafanir skal sameiginlegu EES-nefndinni tilkynnt um það án tafar og henni veittar allar viðeigandi upplýsingar.

Samráðsviðræður skulu fara fram innan sameiginlegu EES- nefndarinnar ef samningsaðili fer fram á það. Einnig má fara fram á slíkar samráðsviðræður ef um framlengingu öryggisráðstafana er að ræða.

Þegar framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt ákvörðun skal hún tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni án tafar um ráðstafanir.

Ef einhver samningsaðila telur að öryggisráðstafanirnar skapi ójafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila skal 114. gr. samningsins gilda að breyttu breytanda;

g) Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu viðurkenna bandalagsskjöl útgefin af framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum EB í samræmi við I. til III. viðauka við reglugerðina sem fullnægjandi sönnun til að stunda gestaflutninga á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi. Vegna slíkrar viðurkenningar skal, í ákvæðum bandalagsskjala í I., II., III. og IV. viðauka við reglugerðina, „aðildarríki“ lesast sem „aðildarríki EB, Ísland, Liechtenstein og/eða Noregur“;

h) bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna skjöl útgefin af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í samræmi við I. til III. viðauka við reglugerðina, eins og hún var aðlöguð samkvæmt 2. viðbæti við þennan viðauka, sem fullnægjandi sönnun til að stunda gestaflutninga í aðildarríki EB;

i) skjöl í I. til IV. viðauka við reglugerðina útgefin af Íslandi, Liechtenstein og Noregi skulu svara til fyrirmyndanna í 2. viðbæti við þennan viðauka.“

3. gr.

Viðbæturinn við þessa ákvörðun komi í stað 2. viðbætis við 11. viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

4. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3315/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjttö. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 93.

Viðbætur

„2. VIÐBÆTUR

**SKJÖL Í VIÐAUKUM VIÐ REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) NR. 3118/93, EINS OG HÚN VAR
AÐLÖGUD VEGNA EES-SAMNINGSINS**

(sjá aðlögunarlið i) í lið 26c í XIII. viðauka við samninginn)

I. VIÐAUKI

a)

(Þykkur grænn pappír - stærð DIN A4)

(Fyrsta síða gestaflutningaleyfis)

(Lok gildistíma)

[Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum ríkisins sem gefur leyfið út]

FRAMKVÆMDA- STJÓRN	(Stimpill framkvæmdastjórnar	Ríkið sem gefur leyfið út/alþjóðlegt	Lögbært yfirvald eða stofnun
EVROPUBANDA- LAGANNA	Evrópubandalaganna)	auðkenni(¹)	

GESTAFLUTNINGALEYFI nr.

fyrir vöruflutningum innanlands á vegum í aðildarríki Evrópubandalagsins eða á Íslandi, Liechtenstein eða Noregi handa framflytjendum sem eru ekki búsettir þar (gestaflutningar)

Leyfi þetta heimilar(²)

.....

.....

að stunda vöruflutninga á vegum með vélknúnu ökutæki eða samtengdum ökutækjum í öðru aðildarríki Evrópubandalagsins, eða á Íslandi, Liechtenstein eða Noregi (hér á eftir nefnd „tilvísunarríki“), en því sem leyfishafinn hefur staðfestu í og til að flytja það ökutæki eða samtengd ökutæki óhlaðin um allt yfirráðasvæði bandalagsins eða tilvísunarríkja, eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og með fyrirvara um almenn ákvæði þessa leyfis.

Leyfið gildir í tvo mánuði

frá til

gefið út í/á..... þann.....

(³)

(¹) Alþjóðlegu auðkennin eru: (IS) Ísland, (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.
 (²) Nafn, skráð firmanafn og fullt heimilisfang farmflytjanda.
 (³) Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins eða skrifstofunnar sem gefur leyfið út.

b)

(Önnur síða gestaflutningaleyfis)

[Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum tilvísunarríkisins sem gefur leyfið út]

Almenn ákvæði

Þetta leyfi heimilar handhafa að stunda vöruflutninga á vegum í öðru aðildarríki EB eða tilvísunarríki en þar sem hann hefur staðfestu (gestaflutningar).

Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Lögbær yfirvöld í tilvísunarríkinu þar sem leyfið er gefið út geta afturkallað það eða, sé um að ræða fölsuð gögn, lögbær yfirvöld í aðildarríki EB eða tilvísunarríkinu þar sem gestaflutningarnir fara fram.

Leyfið gildir einungis fyrir eitt ökutæki í einu. Með ökutæki er átt við vélknúið ökutæki sem er skráð í staðfestutilvísunarríkinu eða samtengd ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð í staðfestutilvísunarríkinu og er eingöngu notað til vöruflutninga.

Þegar um er að ræða samtengd ökutæki skal það fylgja vélknúna ökutækinu.

Skylt er að geyma leyfið í ökutækinu og því verður að fylgja skráningarhefti yfir alla innlenda gestaflutninga sem eiga sér stað samkvæmt leyfinu.

Fylla þarf út gestaflutningaleyfið og skráningarheftið áður en gestaflutningarnir hefjast.

Framvísa verður leyfinu og skráningarheftinu yfir gestaflutninga innanlands hvenær sem viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

Nema kveðið sé á um annað í reglum bandalagsins, eins og þær voru aðlagðar vegna EES-samningsins, skulu gestaflutningar háðir lögum og stjórnislyfyrirmælum gistaðildarríkisins eða gistitilvísunarríkisins að því er varðar eftirtalin atriði:

- a) gjaldskrár og skilmála um flutningasamninga;
- b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál getur í vissum tilvikum farið yfir það sem leyft er í staðfestutilvísunarríki farmflytjandans en má aldrei vera yfir þeim tæknilegu stöðlum sem eru ákveðnir í samræmisvottorðinu;
- c) kröfur varðandi flutninga á tilteknum flokkum af vörum, einkum hættulegum vörum, matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og dýrum á fæti;
- d) aksturs- og hvíldartíma;
- e) virðisauka- eða veltuskatt á flutningaþjónustu.

Ökutæki í gestaflutningum þurfa að uppfylla þá tæknistaðla um smíði og búnað sem gilda um ökutæki í millilandaflutningum.

Leyfi þessu ber að skila til þess lögbæra yfirvalds eða stofnunar sem gaf það út innan átta daga frá því að það fellur úr gildi.

II. VIÐAUKI

a)

(Þykkur bleikur pappír - stærð DIN A4)

(Fyrsta síða gestaflutningaleyfis til skamms tíma)

(Lok gildistíma)

[Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum ríkisins sem gefur leyfið út]

FRAMKVÆMDA- STJÓRN	(Stimpill framkvæmdastjórnar	Ríkið sem gefur leyfið út/alþjóðlegt	Lögbært yfirvald eða stofnun
EVROPUBANDA- LAGANNA	Evrópubandalaganna)	auðkenni ⁽¹⁾	

GESTAFLUTNINGALEYFI nr.

fyrir vöruflutningum innanlands á vegum í aðildarríki Evrópubandalagsins eða á Íslandi, Liechtenstein eða Noregi handa framflytjendum sem eru ekki búsettir þar (gestaflutningar)

Leyfi þetta heimilar⁽²⁾

.....

.....

að stunda vöruflutninga á vegum með vélknúnu ökutæki eða samtengdum ökutækjum í öðru aðildarríki Evrópubandalagsins, eða á Íslandi, Liechtenstein eða Noregi (hér á eftir nefnd „tilvísunarríki“), en því sem leyfishafinn hefur staðfestu í og til að flytja það ökutæki eða samtengd ökutæki óhlaðin um allt yfirráðasvæði bandalagsins eða tilvísunarríkja, eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og með fyrirvara um almenn ákvæði þessa leyfis.

Leyfið gildir í einn mánuð

frá til

gefið út í/á..... þann.....

⁽³⁾

(1) Alþjóðlegu auðkennin eru: (IS) Ísland, (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.
 (2) Nafn, skráð firmanafn og fullt heimilisfang farmflytjanda.
 (3) Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins eða skrifstofunnar sem gefur leyfið út.

b)

(Önnur síða gestaflutningaleyfis)

[Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum tilvísunarríkisins sem gefur leyfið út]

Almenn ákvæði

Þetta leyfi heimilar handhafa að stunda vöruflutninga á vegum í öðru aðildarríki EB eða tilvísunarríki en þar sem hann hefur staðfestu (gestaflutningar).

Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Lögbær yfirvöld í tilvísunarríkinu þar sem leyfið er gefið út geta afturkallað það eða, sé um að ræða fölsuð gögn, lögbær yfirvöld í aðildarríki EB eða tilvísunarríkinu þar sem gestaflutningarnir fara fram.

Leyfið gildir einungis fyrir eitt ökutæki í einu. Með ökutæki er átt við vélknúið ökutæki sem er skráð í staðfestutilvísunarríkinu eða samtengd ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð í staðfestutilvísunarríkinu og er eingöngu notað til vöruflutninga.

Þegar um er að ræða samtengd ökutæki skal það fylgja vélknúna ökutækinu.

Skylt er að geyma leyfið í ökutækinu og því verður að fylgja skráningarhefti yfir alla innlenda gestaflutninga sem eiga sér stað samkvæmt leyfinu.

Fylla þarf út gestaflutningaleyfið og skráningarheftið áður en gestaflutningarnir hefjast.

Framvísa verður leyfinu og skráningarheftinu yfir gestaflutninga innanlands hvenær sem viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

Nema kveðið sé á um annað í reglum bandalagsins, eins og þær voru aðlagðar vegna EES-samningsins, skulu gestaflutningar háðir lögum og stjórnislyfyrirmælum gistaðildarríkisins eða gistitilvísunarríkisins að því er varðar eftirtalin atriði:

- a) gjaldskrár og skilmála um flutningasamninga;
- b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál getur í vissum tilvikum farið yfir það sem leyft er í staðfestutilvísunarríki farmflytjandans en má aldrei vera yfir þeim tæknilegu stöðlum sem eru ákveðnir í samræmisvottorðinu;
- c) kröfur varðandi flutninga á tilteknum flokkum af vörum, einkum hættulegum vörum, matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og dýrum á fæti;
- d) aksturs- og hvíldartíma;
- e) virðisauka- eða veltuskatt á flutningaþjónustu.

Ökutæki í gestaflutningum þurfa að uppfylla þá tæknistaðla um smíði og búnað sem gilda um ökutæki í millilandaflutningum.

Leyfi þessu ber að skila til þess lögbæra yfirvalds eða stofnunar sem gaf það út innan átta daga frá því að það fellur úr gildi.

III. VIÐAUKI

a)

(Stærð DIN A4)

(Forsíða skráningarheftis)

(Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins eða tilvísunarríkisins sem gefur út heftið)

Ríki sem gefur út skráningarheftið

Lögbært yfirvald eða stofnun

Alþjóðlegt

auðkenni tilvísunarríkisins⁽¹⁾

Hefti nr.

SKRÁNINGARHEFTI FYRIR INNANLANDSFLUTNINGA SEM FARA FRAM SAMKVÆMT
GESTAFLUTNINGALEYFI

nr. ...

Hefti þetta gildir til⁽²⁾

gefið út í..... þann.....

⁽³⁾

⁽¹⁾ Alþjóðlegu auðkenni tilvísunarríkja eru: (IS) Ísland, (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.

⁽²⁾ Gildistími má ekki vera lengri en gildistími gestaflutningaleyfisins.

⁽³⁾ Stimpill lögbæra yfirvaldsins eða skrifstofunnar sem gefur heftið út.

b)

(Innan á forsíðu skráningarheftis)

(Textinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins eða tilvísunarríkisins sem gefur út heftið)

Almenn ákvæði

1. Í þessu skráningarhefti eru 25 afrífanleg blöð, tölusett frá 1 til 25, þar sem skrá skal við hleðslu allar vörur sem fluttar eru samkvæmt viðkomandi gestaflutningaleyfi. Hvert hefti er tölusett og sú tala er skráð á hverja síðu í heftinu.
2. Farmflytjandi ber ábyrgð á að skrár um gestaflutninga innanlands séu rétt fylltar út.
3. Heftið verður að fylgja gestaflutningaleyfinu sem það tengist og vera í ökutækinu þegar það er í ferðum samkvæmt téðu leyfi, hlaðið eða óhlaðið. Heftinu verður að framvísa við viðurkenndan eftirlitsmann hvenær sem þess er óskað.
4. Nota verður skráningarblöðin í réttu númeraröð og upplýsingar um hleðslu varnings skulu færðar í réttu tímaröð.
5. Fylla skal út hvern reit á skráningarblaðinu nákvæmlega og skýrt með óafmáanlegu bleki.
6. Eigi síðar en átta dögum eftir lok þess mánaðar sem skráin varðar skal senda hana útfyllta til þess lögbæra yfirvalds eða skrifstofu í tilvísunarríkinu sem gaf heftið út. Ef flutningar eiga sér stað á mörkum tveggja uppgjörstímabila ræðst af hleðsludegi hvoru tímabilinu þeir tilheyra (t.d. skulu flutningar sem hefjast í janúarlök og lýkur snemma í febrúar færast í janúarskrána).

c)

(Framhlið blaðsins sem er framan við afrífanlegu blöðin 25)

(Textinn á opinberu tungumáli eða tungumálum tilvísunarríkisins sem gefur heftið út)

Útskýringar

Á eftirfarandi blöðum skal veita upplýsingar um allar vörur sem fluttar eru samkvæmt gestaflutningaleyfinu sem tengist þessu hefti.

Fylla skal út sérstaka línu á blaðinu fyrir hverja vörusendingu.

Dálkur 2: veitið, eftir atvikum, þær upplýsingar sem tilvísunarríkið er gefur heftið út óskar eftir;

Dálkur 3: skráið dag (01, 02, ... 31) mánaðarins sem ökutækið lagði af stað hlaðið og er tilgreindur efst á síðunni;

Dálkur 4 og 5: tilgreinið stað og, ef þörf er á til nánari útskýringar, hérað, sýslu, ríki/fylki o.s.frv.;

Dálkur 6: notið eftirfarandi auðkenni:

- Belgía: B
- Danmörk: DK
- Þýskaland: D
- Grikkland: GR
- Frakkland: F
- Írland: IRL
- Spánn: E
- Ítalía: I
- Lúxemborg: L
- Holland: NL
- Portúgal: P
- Finnland: FIN
- Svíþjóð: S
- Breska konungsríkið: GB (frá 1. janúar 1996: UK)

- Ísland: IS
- Liechtenstein: FL
- Noregur: N

og frá 1. janúar 1997:

- Austurríki: A

Dálkur 7: greinið frá hvaða vegalengd er ekin frá hleðslustað til afhleðslustaðar;

Dálkur 8: skráið þyngd farmsins í tonnum með einum aukastaf (t.d. 10,0 t) með sama hætti og gert er í tollskýrslum; þyngd gáma eða vörupalla telst ekki til þyngdar farms;

Dálkur 9: lýsið farminum eins nákvæmlega og hægt er;

Dálkur 10: fyllist út af yfirvöldum.

IV. VIÐAUKI

**FLUTNINGAR Á (ÁRSFJÓRÐUNGUR) (ÁR) SAMKVÆMT
GESTAFLUTNINGALEYFUM BANDALAGSINS, ÍSLANDS, LIECHTENSTEINS OG
NOREGS, ÚTGEFNUM AF (ALÞJÓÐLEGT AUÐKENNI LANDSINS)**

Land þar sem hleðsla og afhleðsla fer fram	Fjöldi	
	fluttra tonna	tonna/kílómetra (í þúsundum)
D		
F		
I		
NL		
B		
L		
GB ⁽¹⁾		
IRL		
DK		
GR		
E		
P		
FIN		
S		
A ⁽²⁾		
IS		
FL		
N		
Gestaflutningar alls		

⁽¹⁾ Frá 1. janúar 1996: UK

⁽²⁾ Upplýsingar um Austurríki skal ekki veita fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 1997.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 3315/94
frá 22. desember 1994

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3118/93 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarlögnum frá 1994, einkum 169. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samhliða aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 3118/93⁽¹⁾ frá 25. október 1993 í því augnamiði að úthluta Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð hæfilegum fjölda gestaflutningaleyfa bandalagsins.

Með tilvísun til 13. gr. bóknar nr. 9 um flutninga á vegum og járnbrautum og samsetta flutninga í Austurríki, sem er í viðauka við aðildarlögin frá 1994, gildir reglugerð (EBE) nr. 3118/93 fyrst frá 1. janúar 1997 um: a) farmflytjendur með leyfi bandalagsins sem lögbær yfirvöld í Austurríki hafa gefið út til að stunda gestaflutningaþjónustu á vegum í öðrum aðildarríkjum og b) farmflytjendur með leyfi bandalagsins sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa gefið út til að stunda gestaflutningaþjónustu á vegum í Austurríki.

Stækkun bandalagsins leiðir til aukinna umsvifa á markaðinum fyrir flutninga á vegum. Því ber að fjölga gestaflutningaleyfum bandalagsins fyrir hin tólf númerandi aðildarríki.

Vegna fjölgunar aðildarríkja ber einnig að gera nokkrar tæknilegar breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3118/93.

Nauðsynlegt er að viðhalda tímabundið skipulagi sem komið var á innan ramma samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) til að unnt sé að prenta gestaflutningaleyfi fyrir byrjun ársins 1995 í tæka tíð.

Með skírskotun til 3. mgr. 2. gr. aðildarsáttmálans frá 1994 er stofnunum bandalaganna heimilt að samþykkja, áður en til aðildar kemur, ráðstafanir samkvæmt 169. gr. aðildarlaganna frá 1994 sem taka gildi með fyrirvara um og við gildistöku fyrrnefnds áttmála.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3118/83:

1. Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„Kvóti til gestaflutninga í bandalaginu skal samanstanda af leyfum til gestaflutninga, sem hvert um sig gildir í tvo mánuði, í samræmi við eftirfarandi töflu:

Ár	Fjöldi leyfa
1994	30 000
1995	46 296
1996	60 191
1997	83 206
1. janúar til 30. júní 1998	54 091.“

2. Í stað töflu í 3. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

	1995	1996	1997	1. janúar til 30. júní 1998
„Belgía	3 647	4 742	6 223	4 045
Danmörk	3 538	4 600	6 037	3 925
Þýskaland	5 980	7 774	10 203	6 632
Grikkland	1 612	2 096	2 751	1 789
Spánn	3 781	4 916	6 452	4 194
Frakkland	4 944	6 428	8 436	5 484
Írland	1 645	2 139	2 808	1 826
Ítalía	4 950	6 435	8 445	5 490
Lúxemborg	1 699	2 209	2 899	1 885
Holland	5 150	6 695	8 786	5 711
Austurríki	0	0	4 208	2 736
Portúgal	2 145	2 789	3 661	2 380
Finnland	1 774	2 307	3 029	1 969
Svíþjóð	2 328	3 027	3 973	2 583
Breska konungsríkið	3 103	4 034	5 295	3 442“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 1.

3. Í stað textans efst á blaðsíðu a) og b) í I. og II. viðauka komi eftirfarandi:

„(Textinn skal vera á opinberu tungumáli/tungumálum eða einu opinberu tungumáli aðildarríkisins sem gefur leyfið út)“.

Blaðsíða c), d) og f) falli brott.

4. Í stað miðhluta blaðsíðu a) í I. og II. viðauka komi eftirfarandi:

„GESTAFLUTNINGALEYFI nr.....“

fyrir vöruflutningum innanlands á vegum í aðildarríki Evrópubandalagsins til handa farmflytjendum sem eru ekki búsettir þar (gestaflutningar).

Leyfi þetta heimilar

.....

..... (2)

að stunda vöruflutninga með vélknúnu ökutæki eða samtengdum ökutækjum í öðru aðildarríki Evrópubandalagsins en því sem leyfishafinn hefur staðfestu í og til að flytja það ökutæki eða samtengd ökutæki óhlaðin um allt yfirráðasvæði bandalagsins, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3118/93 og með fyrirvara um almenn ákvæði þessa leyfis.“

5. Í stað 1. neðanmálgreinar á blaðsíðu a) í I., II. og III. viðauka komi eftirfarandi:

„⁽¹⁾ Auðkenni landsins:

Belgía (B), Danmörk (DK), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Spánn (E), Frakkland (F), Írland (IRL), Ítalía (I), Lúxemborg (L), Holland (NL), Austurríki (A), Portúgal (P), Finnland (FIN), Svíþjóð (S), Breska konungsríkið (GB) (frá og með 1. janúar 1996: UK).“

6. Í stað textans efst á blaðsíðu a) og b) í III. viðauka komi eftirfarandi:

„(Textinn skal vera á opinberu tungumáli/tungumálum eða einu opinberu tungumáli aðildarríkisins sem gefur bókina út)“.

7. Í stað kaflans „Dálkur 6“ á blaðsíðu c) í III. viðauka komi eftirfarandi:

„Dálkur 6: Notið eftirfarandi auðkenni:

- Belgía:	B
- Danmörk:	DK
- Þýskaland:	D
- Grikkland:	GR
- Spánn:	E
- Frakkland:	F
- Írland:	IRL
- Ítalía:	I
- Lúxemborg:	L
- Holland:	NL
- Portúgal:	P
- Finnland:	FIN
- Svíþjóð:	S
- Breska konungsríkið:	GB (frá 1. janúar 1996: UK)

og frá 1. janúar 1997:

- Austurríki:	A.“
---------------	-----

8. Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað IV. viðauka.

2. gr.

1. Fram að 30. júní 1995 skulu gestaflutningaleyfi sem farmflytjendur með staðfestu í núverandi aðildarríkjum nota samsvara fyrirmyndunum í I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3118/93. Fram að þeim degi skulu gestaflutningaleyfi sem farmflytjendur með staðfestu í Finnlandi og Svíþjóð nota samsvara fyrirmyndunum í I. og II. viðauka í 2. viðbæti XIII. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 ⁽¹⁾.

2. Núverandi aðildarríkjum er heimilt að leyfa notkun skráningarhefta, samanber III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3118/93, til 31. desember 1995 og eigi lengur. Hinum aðildarríkjunum ber að samþykkja þessi skráningarhefti á yfirráðasvæði sínu fram að 31. desember 1995. Finnlandi og Svíþjóð er heimilt að leyfa til sama dags notkun skráningarhefta samkvæmt III. viðauka í 2. viðbæti XIII. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi sama dag og aðildarsáttmálinn frá 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

H. SEEHOFER

forseti.

⁽¹⁾ Stjútö. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1.

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

**FLUTNINGAR Á (ÁRSFJÓRÐUNGUR)(ÁR) SAMKVÆMT
GESTAFLUTNINGALEYFUM BANDALAGSINS ÚTGEFNUM AF(AUKKENNI
LANDSINS)**

Land þar sem hleðsla og afhleðsla fer fram	Fjöldi	
	fluttra tonna	ekinna tonna/kílómetra (í þúsundum)
D		
F		
I		
NL		
B		
L		
GB ⁽¹⁾		
IRL		
DK		
GR		
E		
P		
FIN		
S		
A ⁽²⁾		
Gestaflutningar alls:		

⁽¹⁾ Frá og með 1. janúar 1996: UK.

⁽²⁾ Upplýsingar um Austurríki ber fyrst að veita frá fyrsta ársfjórðungi 1997.“

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/45/06****nr. 61/95
frá 18. júlí 1995****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21a (tilskipun ráðsins 92/72/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„21b. **394 L 0067:** Tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs (Stjtíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/67/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjtíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjtíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34.

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/67/EB

frá 16. desember 1994

um brennslu hættulegs úrgangs (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 103. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meginmarkmið umhverfismálastefnu bandalagsins, samkvæmt 130. gr. r í sáttmálanum, er einkum að hindra, draga úr og eyða mengun eins og frekast er kostur, einkum við upptök hennar og beita mengunarbótareglunni.

Í ályktun ráðsins frá 7. maí 1990 um meðhöndlun úrgangs ⁽⁴⁾ var framkvæmdastjórnin hvött til þess að ljúka hið bráðasta tillögum sínum um brennsluofna fyrir iðnaðarúrgang.

Við brennslu hættulegs úrgangs myndast útblástur sem getur skaðað heilsu manna og umhverfið nema því aðeins að rétt eftirlit sé viðhaft. Í sumum tilvikum kann mengun að berast yfir landamæri.

Því er þörf á að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana til að vernda umhverfið gegn skaðlegum útblæstri sem myndast við brennslu hættulegs úrgangs.

Núverandi misræmi í ákvæðum aðildarríkjanna sem gilda um brennslu hættulegs úrgangs, og í sumum tilvikum skortur á slíkum ákvæðum, réttlætir aðgerðir á vettvangi bandalagsins.

Í samræmi við 130. gr. t í sáttmálanum kemur samþykkt þessarar tilskipunar ekki í veg fyrir að einstök aðildarríki megi viðhalda eða taka upp strangari ráðstafanir til verndar umhverfinu í samræmi við sáttmálann.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/95 frá 18. júlí um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 130, 21. 5. 1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 332, 16. 12. 1992, bls. 49.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 1993 (Stjttíð. EB nr. C 115, 26. 4. 1993, bls. 90). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. júlí 1994 (Stjttíð. EB nr. C 232, 20. 8. 1994, bls. 35) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1994 (Stjttíð. EB nr. C 341, 5. 12. 1994).

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 122, 18. 5. 1990, bls. 2.

Í 4. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽⁵⁾ er aðildarríkjunum gert að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangur sé nýttur eða honum fargað án þess að heilsu manna stafi hætta af eða umhverfið skaðist. Í þessu skyni er mælt fyrir um í 9. gr. þeirrar tilskipunar að þær stöðvar og þau fyrirtæki sem vinna úrgang þurfi að fá leyfi hjá lögbærum yfirvöldum þar sem meðal annars komi fram til hvaða forvarna skuli grípa.

Í 3. og 4. gr. tilskipunar ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum ⁽⁶⁾ er kveðið á um að iðjuver sem teljast til skráðra flokka skuli fá starfsleyfi áður en þau taki til starfa, en þar á meðal eru brennslustöðvar fyrir úrgang.

Tilgangurinn með brennslustöðvunum sem settar eru á stofn og starfræktar samkvæmt þessari tilskipun er að draga úr áhættu vegna mengunar af völdum hættulegs úrgangs með oxunarferli, að draga úr magni og umfangi úrgangs og að mynda efnaleifar sem hægt er að endurnota eða farga örugglega.

Umhverfisvernd á háu stigi byggist á því að viðeigandi rekstrarskilyrði séu sett ásamt reglum um viðmiðunarmörk fyrir útblástur brennslustöðva fyrir hættulegan úrgang innan bandalagsins. Nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um útblástur díoxína og fúrana sem brýnt er að draga úr með því að beita nýjustu og bestu tækni sem völ er á.

Þess er krafist að háþróaðri mælingartækni sé beitt til að fylgjast með útblæstri svo tryggt sé að farið sé að kröfum um útblásturs- og leiðbeiningarmörk fyrir mengunarefni.

Nauðsynlegt er að stuðla að samþættri verndun umhverfisins gegn útblæstri sem stafar frá brennslu hættulegs úrgangs. Því má aðeins losa vatnsúrgang, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts, að lokinni sérstakri meðferð í því skyni að takmarka flutning mengunar frá einu umhverfi til annars. Nauðsynlegt er að setja sérstök viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni í slíkum vatnsúrgangi innan tveggja ára frá því að þessi tilskipun öðlast gildi.

Setja skal ákvæði sem taka til tilvika þar sem farið er yfir viðmiðunarmörkin sem og til stöðvana, truflana eða bilana á hreinsibúnaði af óviðráðanlegum tæknisökum.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 188, 16. 7. 1984, bls. 20. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

Sambrennsla hættulegs úrgangs í iðjuverum, sem er ekki fyrst og fremst ætlað að brenna hættulegan úrgang, má ekki valda aukningu í útblæstri mengunarefna í þeim hluta af útblástursloftsmagninu sem stafar frá slíkri sambrennslu og ættu því viðeigandi viðmiðunarmörk að gilda fyrir slíka brennslu.

Í því skyni að stuðla að aukinni heilsuvernd manna og umhverfisvernd er þess krafist að starfandi brennslustöðvar lagi sig skjótt að þeim viðmiðunarmörkum fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun í því skyni að forðast aukinn flutning hættulegs úrgangs til slíkra stöðva.

Skipa skal nefnd til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að koma þessari tilskipun í framkvæmd og laga hana að framförum á sviði vísinda og tækni.

Skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar eru mikilvægur þáttur í að upplýsa framkvæmdastjórnina og aðildarríkin um þann árangur sem næst í að stemma stigu við útblæstri.

Leggja skal fram tillögur um endurskoðun á viðmiðunarmörkum fyrir útblástur og ákvæðum tengdum þessari tilskipun til ráðsins fyrir 31. desember 2000 í ljósi væntanlegrar tækniþróunar, reynslu af starfsemi brennslustöðva og krafna á sviði umhverfismála.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að kveða á um ráðstafanir og aðgerðir til að koma í veg fyrir eða, ef það er ekki framkvæmanlegt, að draga úr eins og kostur er neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun lofta, jarðvegs, yfirborðs- og grunnvatns, og hættu sem steðjar að heilsu manna vegna brennslu hættulegs úrgangs og, með það í huga, að setja upp og viðhalda viðeigandi rekstrarskilyrðum og viðmiðunarmörkum fyrir útblástur hættulegs úrgangs frá brennslustöðvum í bandalaginu.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um önnur lög bandalagsins, einkum þau sem tengjast úrgangi og heilsuvernd og öryggi starfsmanna í brennslustöðvum.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hættulegur úrgangur“: allur fastur og fljótandi úrgangur eins og skilgreint er í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽¹⁾.

Eftirtalinn hættulegur úrgangur er þó undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar:

- eldfimur fljótandi úrgangur, þar með talinn olíuúrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs⁽²⁾, að því tilskildu að hann uppfylli þrjú eftirfarandi skilyrði:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 377, 31. 12. 1991, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 23. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

i) massainnihald pólýklórarámatískra vetniskolefna, t.d. pólýklóróbifenýlefna (PCB) eða pentaklórphenóls (PCP), samsvari styrk sem er ekki meiri en sá sem er ákveðinn í viðeigandi lögum bandalagsins;

ii) þessi úrgangur verði ekki hættulegur við það innihalda önnur efni en þau sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun 91/689/EBE í magni og styrk sem samræmist ekki markmiðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE; og

iii) nettóvarmagildi sé að minnsta kosti 30 MJ/kg,

- allur eldfimur fljótandi úrgangur sem veldur ekki öðrum útblæstri en stafar frá gasolíu, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 75/716/EBE⁽³⁾, í þeim reyk sem leggur beint frá brennslu hans eða meiri styrk útblásturs en þeim sem stafar frá brennslu gasolíu sem þannig er skilgreind,

- hættulegur úrgangur sem fellur til við leit að og nýtingu olíu- og gaslinda frá mannvirkjum á hafi úti og brennslu þeirra um borð,

- sorp frá sveitarfélögum sem fellur undir tilskipanir 89/369/EBE⁽⁴⁾ og 89/429/EBE⁽⁵⁾,

- seyra sem fellur til við meðferð skólps frá sveitarfélögum og telst ekki hættuleg með tilliti til innihaldsefna, sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, í magni og styrk, sem aðildarríkin mæla fyrir um þar til skráin yfir hættulegan úrgang sem um getur í 4. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar hefur verið tekin saman og sem uppfyllir ekki markmiðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE. Þessi undantekning gildir með fyrirvara um tilskipun 86/278/EBE⁽⁶⁾;

2. „brennslustöð“: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna hættulegan úrgang með oxun hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eður ei, þar með talin formeðferð sem og hitasundrun eða önnur hitameðferð, t.d. plasmameðferð, enda séu afurðir hans brenndar á eftir. Stöðvar þar sem hættulegur úrgangur er nýttur sem venjulegt eða viðbótareldsneyti til iðnaðarframleiðslu eru með taldar.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 75/716/EBE frá 24. nóvember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti (Stjtið. EB nr. L 307, 27. 11. 1975, bls. 22). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 89/369/EBE frá 8. júní 1989 um varnir gegn loftmengum frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga (Stjtið. EB nr. L 163, 14. 6. 1989, bls. 32).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 89/429/EBE frá 21. júní 1989 um varnir gegn loftmengum frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga (Stjtið. EB nr. L 203, 15. 7. 1989, bls. 50).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtið. EB nr. L 181, 4. 7. 1986, bls. 6). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

Þessi skilgreining tekur til svæðisins og alls uppsetts búnaðar sem tilheyrir brennslustöðinni, sorpmóttöku, geymslu- og forvinnsluáðstöðu, brennsluofns og kerfa sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til hennar, búnaðar til að meðhöndla útblástursloft og frárennslisvatn svo og tækja og búnaðar til að stjórna brennslunni og sjá um samfellda skráningu og eftirlit með brennsluskilyrðum.

Eftirtaldir stöðvar falla ekki undir þessa skilgreiningu:

- brennslustöðvar fyrir dýrahæ eða -leifar,
 - brennslustöðvar fyrir smitnæman klínískan úrgang, að því tilskildu að slíkur úrgangur sé ekki orðinn hættulegur vegna tilvistar annarra efna sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, eða
 - sorpbrennslustöðvar sveitarfélaga þar sem smitnæmum klínískum úrgangi er einnig brennt án þess að vera blandað saman við annan úrgang sem er orðinn hættulegur vegna tilvistar annarra efna sem skráð eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE;
3. „ný brennslustöð“: stöð sem veitt hefur verið starfsleyfi sama dag eða eftir þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr. 18. gr.;
 4. „starfandi brennslustöð“: stöð sem veitt hefur verið starfsleyfi fyrir daginn sem tilgreindur er í 1. mgr. 18. gr.;
 5. „viðmiðunarmörk fyrir útblástur“: massastyrkur mengunarefna sem ekki má fara yfir í útblæstri frá stöðvum á tilteknu tímabili;
 6. „stjórnandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem stjórnar rekstri brennslustöðvar eða hefur verið falið afgerandi efnahagslegur umráðaréttur yfir henni.

3. gr.

1. Leyfið sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 75/442/EBE, í 11. gr. þeirrar tilskipunar, að viðbætti 3. gr. tilskipunar 91/689/EBE, og í 3. gr. tilskipunar 84/360/EBE skal því aðeins veitt ef umsókn sýnir að brennslustöðin sé hönnuð, búin og verði starfrækt þannig að viðeigandi forvarnarráðstafanir gegn umhverfismengun verði gerðar og þær kröfur sem kveðið er á um í 5. til 12. gr. þessarar tilskipunar séu uppfylltar.
2. Í leyfinu sem lögbær yfirvöld veita skal með óyggjandi hætti tilgreina tegund og magn þess hættulega úrgangs sem leyfilegt er að meðhöndla í brennslustöðinni sem og heildarvinnslugetu brennarans.
3. Ef stöð sem ekki er fyrst og fremst ætlað að brenna hættulegum úrgangi er látin taka við hættulegum úrgangi (sambrennsla), og hitinn sem myndast við brunann er ekki hærri en 40% af samanlögðum hita sem losaður er í stöðinni á hverju augnabliki starfseminnar, gilda eftirtaldir greinar að minnsta kosti:

- ákvæði 1. til 5. gr.,
- ákvæði 1. og 5. mgr. 6. gr.,
- ákvæði 7. gr., ásamt ákvæðunum um mælingarnar sem um getur í 10. og 11. gr.,
- ákvæði 9. gr.,
- ákvæði 12., 13. og 14. gr.

4. Leyfið til sambrennslu sem lýst er í 3. mgr. skal því aðeins veitt ef í umsókninni er sýnt fram á:

- að brennarar hættulega úrgangsins séu þannig staðsettir og skömmtun úrgangsins hagað þannig að sem næst fullkomnum bruna verði náð, og
- með útreikningunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka að ákvæðum í 7. gr. verði fullnægt.

Í leyfinu skulu með óyggjandi hætti taldar upp tegundir og magn þess hættulega úrgangs sem má sambrenna í stöðinni. Í því skal enn fremur tilgreina lágmarks og hámarks massaflæði þessa hættulega úrgangs, lægsta og hæsta varmagildi hans og hámarksinnihald mengunarefna, t.d. PCB, PCP, klórs, flúors, brennisteins og þungmálma.

Niðurstöður mælinga sem gerðar eru innan sex mánaða frá því að starfsemi hefst, við óhagstæðustu skilyrði sem búast má við, skulu sýna að ákvæði 7. gr. eru uppfyllt. Vegna þessa tímabils geta lögbær yfirvöld veitt undanþágu frá kröfunum um hundraðshluta sem settar eru í 3. mgr.

4. gr.

Umsóknir um leyfi og ákvarðanir lögbærra yfirvalda þar að lútandi og niðurstöður eftirlits sem kveðið er á um í 11. gr. þessarar tilskipunar skulu vera aðgengilegar almenningi í samræmi við tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (¹).

5. gr.

1. Stjórnandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir vegna afhendingar og móttöku úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir, eða ef það er ekki framkvæmanlegt, að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun lofts, jarðvegs, yfirborðs- og grunnvatns og hættu sem steðjar að heilsu manna. Þessar ráðstafanir skulu að minnsta kosti uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

2. Áður en tekið er við úrganginum til brennslustöðvarinnar skal stjórnandi hennar hafa tiltæka lýsingu á úrganginum sem tekur til:

- eðlisfræðilegrar, og eftir því sem hægt er, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins sem og allra nauðsynlegra

(¹) Stjttíð. EB nr. L 158, 23. 6. 1990, bls. 56.

upplýsinga til að meta hve vel hann er fallinn til fyrirhugaðrar brennslu,

- hættueinkenna úrgangsins, þeirra efna sem hann má ekki blandast saman við og varúðarráðstafana sem gera þarf við meðhöndlun úrgangsins.

3. Áður en tekið er við úrganginum til brennslustöðvarinnar skal stjórnandi að minnsta kosti gera eftirfarandi:

- ákvarða massa úrgangsins,
- athuga þau skjöl sem krafist er samkvæmt tilskipun 91/689/EBE og, eftir atvikum, þau sem krafist er samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ⁽¹⁾ og samkvæmt reglugerðum um flutning hættulegs úrgangs,
- taka dæmigerð sýni, nema það eigi ekki við, helst fyrir losun, til að staðfesta hvort farið sé að lýsingunni sem kveðið er á um í 2. mgr. með því að framkvæma eftirlit og að gera lögbærum yfirvöldum kleift að bera kennsl á úrganginn sem tekinn er til meðferðar. Þessi sýni skulu varðveitt í að minnsta kosti einn mánuð eftir brennslu.

4. Lögbær yfirvöld mega veita undanþágu frá 2. og 3. mgr. vegna iðjuvera og fyrirtækja sem brenna aðeins sínum eigin úrgangi á framleiðslustað úrgangsins, að því tilskildu að sömu varnir séu tryggðar.

6. gr.

1. Stöðvar til brennslu hættulegs úrgangs skulu starfræktar á þann hátt að sem næst fullkomnum bruna verði náð. Þetta kanna að krefjast þess að viðeigandi tækni sé beitt við að forvinna úrganginn.

2. Allar brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofitegundir, sem myndast við brennslu hættulega úrgangsins, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts, á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í að minnsta kosti 850°C við eða nálægt innvegg brunahólfsins í tvær sekúndur hið minnsta, með súrefnisinnihaldi sem er ekki undir 6%. Ef brenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum lífrænum efnum, táknað sem klór, þarf að hækka hitann upp í að minnsta kosti 1100°C.

Ef eldsneyti brennarans er eingöngu fljótandi hættulegur úrgangur eða blanda loftkenndra efna og duftkenndra fastra efna sem falla til við hitaformeðferð hættulegs úrgangs við súrefniskort, og ef loftkenndi hlutinn er meira en 50% af öllum hitanum sem losaður er, á súrefnisinnihald eftir síðustu inndælingu brunalofts að vera að minnsta kosti 3%.

3. Allar brennslustöðvar skulu búnar brennurum sem eru ræstir sjálfvirkt þegar hiti brennsluloftegunda, eftir síðustu inndælingu brunalofts, fer niður fyrir viðeigandi lágmarkshita sem tilgreindur er í 2. mgr. Einnig ber að nota slíka brennara þegar stöðin er ræst eða stöðvuð í því skyni að tryggja að viðeigandi lágmarkshiti haldist meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu.

Við ræsingu og stöðvun, eða þegar hiti brennslulofs fer niður fyrir viðeigandi lágmarkshita sem tilgreindur er í 2. mgr., má ekki dæla eldsneyti sem getur orsakað meiri útblástur en þann sem stafar af brennslu gasolíu eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 75/716/EBE, fljótandi gasi eða jarðgasi til brennaranna.

Skylt er að hafa yfir að ráða og starfrækja kerfi til að koma í veg fyrir að hættulegur úrgangur sé meðhöndlaður:

- við ræsingu, þar til tilskildum lágmarksbrennsluhita er náð,
- þegar ekki tekst að halda tilskildum lágmarksbrennsluhita,
- þegar samfelldu mælingarnar sem krafist er í a-lið 1. mgr. 11. gr. sýna að farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaði.

4. Lögbær yfirvöld mega heimila aðrar kröfur en þær sem mælt er fyrir um í 2. mgr. og tilgreindar eru í leyfi fyrir tiltekin hættuleg efni. Slíkt leyfi skal að minnsta kosti vera bundið því skilyrði að farið sé að ákvæðum 7. gr. og magn díoxína og fúrana í útblæstri sé minna eða jafnt því magni sem fæst með kröfunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar.

Öllum kröfum sem gerðar eru um starfrækslu sem mælt er fyrir um samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar og niðurstöður staðfestingar sem gerð er skal komið á framfæri við framkvæmdastjórnina sem hluti af upplýsingunum sem eru veittar samkvæmt 17. gr.

5. Við starfrækslu brennslustöðvarinnar má ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir styrk kolsýrings (CO) í brunalofttegundum:

- 50 mg/m³ brunalofttegunda sem ákvarðað er sem daglegt meðalgildi;
- 150 mg/m³ brunalofttegunda fyrir að minnsta kosti 95% allra mælinga sem framkvæmdar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili ákvarðað sem 10 mínútna meðalgildi, eða 100 mg/m³ brunalofttegunda fyrir allar mælingar sem framkvæmdar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili, ákvarðað sem 30 mínútna meðalgildi.

6. Allar sorpbrennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að koma meg í veg fyrir útblástur út í andrúmsloftið sem veldur verulegri loftmengun niður við jörðu; einkum skal þess gætt að úrgangsloft sé losað á skipulegan hátt um reykhláf.

(¹) Stjótt. EB nr. L 30, 6. 2. 1993, bls. 1.

Hæð reykháfsins skal reiknuð út með það fyrir augum að vernda heilsu manna og umhverfi.

7. gr.

1. Brennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að að minnsta kosti verði ekki farið yfir eftirtalin viðmiðunarmörk fyrir útblástursloft:

a) Dagleg meðalgildi:

1.	Heildarmagn ryks	10 mg/m ³
2.	Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, táknað sem heildarmagn lífræns kolefnis	10 mg/m ³
3.	Vetnisklór (HCl)	10 mg/m ³
4.	Vetnisflúor (HF)	1 mg/m ³
5.	Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	50 mg/m ³

b) 30 mínútna meðalgildi:

	A	B	
1.	Heildarmagn ryks	30 mg/m ³	10 mg/m ³
2.	Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, táknað sem heildarmagn lífræns kolefnis	20 mg/m ³	10 mg/m ³
3.	Vetnisklór (HCl)	60 mg/m ³	10 mg/m ³
4.	Vetnisflúor (HF)	4 mg/m ³	2 mg/m ³
5.	Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	200 mg/m ³	50 mg/m ³

c) Öll meðalgildi á prófunartíma sem nemur minnst 30 mínútum og mest átta klukkustundum:

1.	Kadmíum og efnasambönd þess, táknað sem kadmíum (Cd)	samtals 0,05 mg/m ³ (*) 0,1 mg/m ³ (**)
2.	Þallíum og efnasambönd þess, táknað sem þallíum (Tl)	
3.	Kvikasilfur og efnasambönd þess, táknað sem kvikasilfur (Hg)	0,05 mg/m ³ (*) 0,1 mg/m ³ (**)
4.	Antímon og efnasambönd þess, táknað sem antímon (Sb)	
5.	Arsen og efnasambönd þess, táknað sem arsen (As)	samtals 0,5 mg/m ³ (*) 1 mg/m ³ (**)
6.	Bly og efnasambönd þess, táknað sem bly (Pb)	
7.	Króm og efnasambönd þess, táknað sem króm (Cr)	
8.	Kóbolt og efnasambönd þess, táknað sem kóbolt (Co)	

9. Kopar og efnasambönd þess, táknað sem kopar (Cu)
10. Mangan og efnasambönd þess, táknað sem mangan (Mn)
11. Nikkel og efnasambönd þess, táknað sem nikkell (Ni)
12. Vanadíum og efnasambönd þess, táknað sem vanadíum (V)
13. Tin og efnasambönd þess, táknað sem tin (Sn)

Samtals
0,5 mg/m³ (*)
1 mg/m³ (**)

Þessi meðalgildi taka einnig til loft- og gufukenns forms útblásturs viðeigandi þungmálma sem og efnasambanda þeirra.

(*) Nýjar stöðvar.

(**) Starfandi stöðvar.

2. Draga skal úr útblæstri díoxína og fúrana með þróuðustu tækniáferðum sem völ er á. Í síðasta lagi frá 1. janúar 1997 mega engin meðalgildi, sem mælast á sýnatökutíma sem er minnst sex klukkustundir og mest átta klukkustundir, fara yfir viðmiðunarmörkin 0,1 ng/m³ nema því aðeins að framkvæmdastjórnin hafi ekki látið taka upp samræmdar mælingaraðferðir innan bandalagsins, að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann dag í samræmi við þá málsmæðferð sem mælt er fyrir um í 16. gr. Þessi viðmiðunarmörk eru skilgreind sem summa styrks einstakra díoxína og fúrana sem metinn er í samræmi við I. viðauka.

Þar til þessi viðmiðunarmörk öðlast gildi skulu aðildarríkin að minnsta kosti hafa þessi gildi til viðmiðunar.

3. Niðurstöður mælinganna sem gerðar eru til að staðfesta að viðmiðunar- og leiðbeiningarmörkin sem sett eru í 6. gr. og í þessari grein skulu umreiknaðar til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

4. Ef um er að ræða sambrennslu hættulegs úrgangs í samræmi við 3. mgr. 3. gr. skulu ákvæði 5. mgr. 6. gr. og 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar eingöngu gilda, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka, um þann hluta rúmmáls útblásturslofts sem leggur frá brennslu hættulegu efnanna.

Í samræmi við II. viðauka skal ákvarða hæfileg viðmiðunar- og leiðbeiningarmörk um útblástur viðeigandi mengunarefna sem losuð eru með útblásturslofti frá stöðvunum sem um getur í 3. mgr. 3. gr.

8. gr.

1. Öll losun skólps frá brennslustöð skal vera háð leyfi sem lögbær yfirvöld veita.

2. Takmarka skal eins og kostur er losun vatnsúrgangs sem fellur til við hreinsun útblásturslofts í vatn í bandalaginu.

Ef kveðið er sérstaklega á um það í leyfinu má losa vatnsúrgang eftir sérstaka meðferð að því tilskildu að:

- kröfur viðeigandi ákvæða bandalagsins, ákvæða innanlands og einstakra héraða séu uppfylltar að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir útblástur, og
- massi þungmálma, díóxína og fúrana í slíkum vatnsúrgangi í hlutfalli við magn hættulegs úrgangs sem er meðhöndlaður sé minnkaður þannig að sá massi sem heimilt er að losa í vatn sé minni en heimilt er að losa út í andrúmsloftið.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, innan tveggja ára frá því að þessi tilskipun öðlast gildi, setja viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni í frárennslisvatni frá hreinsun útblásturslofts sem á að losa vatn.

4. Svæði brennslustöðva ásamt geymslusvæðum fyrir hættulegan úrgang sem tengjast þeim skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir að mengunarefni berist í jarðveg og grunnvatn í samræmi við tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ⁽¹⁾. Enn fremur skal sjá fyrir geymsluaðstöðu fyrir afrennslis regnvatns frá svæði brennslustöðva eða mengað vatn sem á rætur að rekja til að leka eða slökkvistarfa. Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og meðhöndla slíkan úrgang áður en hann er losaður ef þurfa þykir.

9. gr.

1. Leifar sem falla til við starfsemi brennslustöðvar skulu endurheimtar eða þeim fargað í samræmi við tilskipun 75/442/EBE og 91/689/EBE. Það kann að fela í sér formedferð leifanna. Ber að varðveita slíkar leifar þannig að þær séu innbyrðis aðgreindar þar til mat liggur fyrir um endurvinnslu eða förgun; beita skal viðeigandi tæknaaðferðum til að auðvelda þetta frekar.

2. Flytja skal og geyma til bráðabirgða þurrleifar í formi ryks, t.d. ketilryk og þurrleifar sem falla til við meðferð útblásturslofts, í lokuðum ílátum.

3. Hiti sem myndast við brennsluna skal nýttur eins og kostur er.

4. Áður en ákvarðað er hvernig farga á eða endurheimta leifar sem falla til við brennslu skal gera prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega samsetningu og hugsanlega mengunarhættu af völdum hinna ýmsu brunaleifa. Greiningin skal einkum taka til uppleysanlegs hluta og þungmálma.

10. gr.

1. Í samræmi við 11. gr. skal í leyfinu mælt fyrir um mælingarkröfur vegna eftirlits með færðbreytunum, skilyrðunum og massastyrk mengunarefnanna sem tengjast brennsluferlinu og þeim skilyrðum sem fylgja leyfinu sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum eða viðeigandi almennum bindandi reglum um mælingarkröfur.

2. Leyfið skal því aðeins veitt að umsókn sýni að fyrirhuguð mælitækni sé í samræmi við III. viðauka. Öryggismörkin (95%) sem ákvörðuð eru sem viðmiðunarmörk fyrir útblástur og eru gefin upp í a-lið 5. mgr. 6. gr. og a-lið 1. mgr. 7. gr., tölul. 1, 2, 3 og 5, mega ekki fara yfir þau gildi sem gefin eru upp í 4. lið III. viðauka.

Viðeigandi búnaður og starfsemi sjálfvirks eftirlitsbúnaðar skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir.

3. Aðferðir við sýnatöku sem beitt er í því skyni að uppfylla skilyrði um reglubundnar mælingar hvers loftmengunarefnis um sig og staðsetningu sýnatöku- og mælingarstaða skulu tilgreindar í leyfinu sem lögbær yfirvöld gefa út eða í viðeigandi almennum bindandi reglum um aðferðir við sýnatöku og mælingar.

Kröfur um reglubundnar mælingar skulu ákveðnar af lögbærum yfirvöldum í samræmi við III. viðauka.

11. gr.

1. Eftirtaldar mælingar skulu gerðar í brennslustöðinni í samræmi við III. viðauka:

- a) stöðugar mælingar á efnunum sem um getur í 5. mgr. 6. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 7. gr.;
- b) stöðugar mælingar á eftirtöldum færðbreytum sem varða vinnsluna:
 - hita eins og um getur í 2. og 4. mgr. 6. gr.,
 - styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufuinnihaldi í útblásturslofti;
- c) minnst tvær mælingar á ári á efnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 7. gr.; ein mæling á tveggja mánaða fresti skal hins vegar gerð fyrstu 12 mánuði starfseminnar;
- d) nauðsynlegt er að staðfesta með viðeigandi hætti dvalartíma, lágmarkshita og súrefnisinnihald í útblásturslofti eins og tilgreint er í 2. og 4. mgr. 6. gr., að minnsta kosti einu sinni þegar brennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu starfsskilyrði sem búast má við.

Sleppa má stöðugum mælingum á vetnisflúor (HF) ef vetnisklór (HCl) er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir útblástur samkvæmt 3. tölul. í a-lið 1. mgr. 7. gr. og 3. tölul. í b-lið 1. mgr. 7. gr. Í því tilviki skal mæla reglulega útblástur vetnisflúors (HF).

Ekki er nauðsynlegt að mæla stöðugt innihald vatnsgufu að því tilskildu að sýni útblásturslofts sé þurrkað áður en útblásturinn er greindur.

Ekki er nauðsynlegt að gera mælingar á mengunarefnunum sem skráð eru í 1. mgr. 7. gr., að því tilskildu að samkvæmt leyfinu sé

⁽¹⁾ Stjótt. EB nr. L 20, 26. 1. 1980, bls. 43. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

eingöngu heimilt að brenna þeim hættulegu efnum sem geta ekki orsakað meðalgildi fyrir þessi mengunarefni sem fara yfir 10% af viðmiðunarmörkum fyrir útblástur sem sett eru í 1. mgr. 7. gr.

Í samræmi við þá tilhögun sem sett er fram í 16. gr. ákveður framkvæmdastjórnin, eins fljótt og viðeigandi mælingaraðferðir eru til reiðu í bandalaginu, hvaða dag á að hefja stöðugar mælingar á efnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. í samræmi við III. viðauka.

2. Niðurstöður mælinganna sem gerðar eru til að staðfesta að farið sé að viðmiðunar- og leiðbeiningarmörkum um útblástur sem sett eru fram í 6. og 7. gr. skulu umreiknuð til samræmis við eftirfarandi kröfur:

- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni, þurrgas,
- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 3% súrefni, þurrgas, ef um er að ræða brennslu úrgangsolúu, aðeins samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 75/439/EBE.

Ef hættulegi úrgangurinn er brenndur í súrefnisgæddu andrúmslofti er hægt að umreikna niðurstöður mælinganna til samræmis við súrefnisinnihald sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um og endurspegla hinar sérstöku aðstæður hverju sinni. Í tilvikum sem taka til 3. mgr. 3. gr. skulu niðurstöður mælinganna umreiknaðar til samræmis við heildarsúrefnisinnihaldið sem er reiknað út í II. viðauka.

Ef dregið er úr útblæstri mengunarefna með því að meðhöndla útblástursloft skal því aðeins umreikna niðurstöður að því er varðar súrefnisinnihald, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, að súrefnisinnihald sem mælt er á sama tímabili og fyrir mengunarefnið sem í hlut á fari yfir viðeigandi staðlað súrefnisinnihald.

3. Skilyrði um viðmiðunarmörk fyrir útblástur eru uppfyllt ef:

- öll dagleg meðalgildi fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í a-lið 5. mgr. 6. gr. og a-lið 1. mgr. 7. gr., og

annaðhvort öll 30 mínútna meðalgildi yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í A-dálki b-liðar 1. mgr. 7. gr.,

eða 97% af 30 mínútna meðalgildum yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í B-dálki b-liðar 1. mgr. 7. gr.,

- öll meðalgildi á sama tímabili og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 7. gr. fara ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í þeirri undirgrein,
- farið er að ákvæðum b-liðar 5. mgr. 6. gr.

Meðalgildin sem ákvörðuð eru innan tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 12. gr. eru ekki tekin með í reikninginn þegar metið er hvort viðmiðunarmörkin fyrir útblástur séu virt.

Ákvarða skal 30 og 10 mínútna meðalgildi á virkum starfstíma (þar með talið ræsingar- og stöðvunartími vegna brennslu hættulegs úrgangs) miðað við mæld gildi þegar búið er að draga frá gildi öryggismarkanna sem tilgreind eru í 4. lið III. viðauka. Dagleg meðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum viðurkenndu meðalgildum.

Meðalgildin fyrir sýnatökutíma og, ef um er að ræða reglulegar mælingar á vetnisflúor (HF), meðalgildi vetnisflúors skulu ákvörðuð í samræmi við kröfur 3. mgr. 10. gr.

12. gr.

1. Ef mælingar sem gerðar eru sýna að farið sé yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um það án tafar. Stöðin sem um ræðir skal hætta að taka við hættulegum úrgangi ef hún uppfyllir ekki viðmiðunarmörk fyrir útblástur og stöðin má ekki taka á ný við slíkum úrgangi fyrr en lögbær yfirvöld leyfa það.

2. Lögbær yfirvöld skulu mæla fyrir um hve lengi óumflýjanleg stöðvun af tæknilegum orsökum, röskun eða minniháttar bilun á hreinsibúnaði eða mælingarbúnaði má vara og styrkur mengandi efna sem losuð eru út í andrúmsloftið má fara yfir fyrirskipuð viðmiðunarmörk um útblástur. Stöðin má aldrei halda áfram að brenna úrgangi í meira en fjórar klukkustundir í senn án hléa. Enn fremur má starfsemi við þessi skilyrði á einu ári ekki vera meiri en 60 klukkustundir samanlagt.

Ef um er að ræða alvarlega bilun skal stjórnandi draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný. Í stöðvum sem fjallað er um í 3. mgr. 3. gr. skal hætt að taka við hættulegum úrgangi.

Heildarinnihald ryks mengunarefnanna skal aldrei fara yfir 150 mg/m³, táknað sem 30 mínútna meðaltal. Enn fremur má ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í 2. tölul. í a-lið 1. mgr. og 2. tölul. í b-lið 1. mgr. 7. gr. Uppfylla skal öll önnur skilyrði sem um getur í 6. gr.

13. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar um starfandi brennslustöðvar skulu öðlast gildi í síðasta lagi þremur árum og sex mánuðum eftir dagsetninguna sem tilgreind er í 1. mgr. 18. gr.

2. Stjórnandi getur þó í síðasta lagi sex mánuðum eftir daginn sem tilgreindur er í 1. mgr. 18. gr. tilkynnt lögbærum yfirvöldum að starfandi stöð verði ekki rekin nema í mesta lagi 20 000 klukkustundir og eigi lengur en til fimm ára, frá þeim tíma sem stjórnandinn leggur fram tilkynninguna að telja, uns stöðinni verði endanlega lokað. Ákvæði 1. mgr. gilda þá ekki.

14. gr.

Í síðasta lagi 31. desember 2000 skal framkvæmdastjórnin, í ljósi fyrirhugaðrar tækniþróunar, reynslu af starfsemi stöðvanna og umhverfiskrafna, leggja skýrslu fyrir ráðið, á grundvelli reynslu af framkvæmd tilskipunarinnar og framfara sem orðið hafa á

aðferðum við eftirlit með útblæstri, ásamt tillögum um endurskoðun á viðmiðunarmörkum fyrir útblástur og tengdum ákvæðum sem um getur í þessari tilskipun.

Viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem ákvörðuð eru í kjölfar slíkrar endurskoðunar skulu ekki öðlast gildi um starfandi brennslustöðvar fyrir 31. desember 2006.

15. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr., samþykkja breytingar sem krafist er til að aðlaga ákvæði 10. til 12. gr. og I. til III. viðauka að tækniframförum.

16. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álit sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

17. gr.

Skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar skulu unnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 91/692/EBE. Fyrsta skýrslan skal ná yfir fyrsta þriggja ára tímabilið eftir gildistöku þessarar tilskipunar.

18. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna

Gjört í Brussel 16. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MERKEL

forseti.

I. VIÐAUKI

JAFNGILDISSTUÐLAR FYRIR DÍOXÍN OG DÍBENSÓFÚRÖN

Til að ákvarða samanlagt gildi sem um getur í 2. mgr. 7. gr. skal margfalda massastyrk eftirfarandi díoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður lagt er saman (með því að nota hugtakið „eiturjafngildi“).

Eiturjafngildisþáttur

2,3,7,8	-	Tetraklóródíbensódíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8	-	Pentaklóródíbensódíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8	-	Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9	-	Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8	-	Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-	Heptaklóródíbensódíoxín (HpCDD)	0,01
	-	Oktaklóródíbensódíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8	-	Tetraklóródíbensófúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8	-	Pentaklóródíbensófúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8	-	Pentaklóródíbensófúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8	-	Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9	-	Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8	-	Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8	-	Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-	Heptaklóródíbensófúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9	-	Heptaklóródíbensófúran (HpCDF)	0,01
	-	Oktaklóródíbensófúran (OCDF)	0,001

II. VIÐAUKI

ÁKVÖRÐUN VIÐMIÐUNARMARKA FYRIR ÚTBLÁSTUR OG LEIÐBEININGARMÖRK FYRIR BRENNSLU HÆTTULEGS ÚRGANGS

Reikna skal út viðmiðunarmörk eða leiðbeiningarmörk fyrir hvert einstakt mengunarefni og kolmónoxíð í útblásturslofti sem myndast við brennslu hættulegs úrgangs sem hér segir:

$$\frac{V_{\text{úrg.}} \times C_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}} \times C_{\text{vinnsla}}}{V_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}}} = C$$

$V_{\text{úrg.}}$: magn útblásturslofts sem myndast við brennslu hættulegs úrgangs sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lágsta varmagildi sem er tilgreint í leyfinu og staðlað við aðstæður sem tilgreindar eru í 2. mgr. 11. gr.

Ef magn hitalosunar við brennslu hættulegs úrgangs er minni en 10% af heildarhitalosun í stöðinni skal $V_{\text{úrg.}}$ reiknað út frá (ímynduðu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af samanlagðri hitalosun.

$C_{\text{úrg.}}$: viðmiðunarmörk fyrir stöðvar sem einungis er ætlað að brenna hættulegan úrgang (að minnsta kosti viðmiðunarmörk fyrir útblástur og leiðbeiningarmörk fyrir mengunarefni og kolmónoxíð eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 7. gr. og 5. mgr. 6. gr.).

V_{vinnsla} : útblástursloft sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, þar með talin brennsla leyfilegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum hættulegum úrgangi) sem er ákvarðað á grundvelli súrefnisinnihalds þar sem útblástur skal staðlaður svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum bandalagsins eða aðildarríkjanna. Ef engin ákvæði eru til um þessa gerð stöðvar verður að nota raunverulegt súrefnisinnihald í útblástursloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti, sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna. Umreikninga vegna annarra skilyrða er að finna í 2. mgr. 11. gr.

C_{vinnsla} : viðmiðunarmörk fyrir útblástur viðeigandi mengunarefna og kolmónoxíðs í reykt frá stöðvum sem uppfylla skilyrði innlendra laga og stjórnsýslufyrirmæla um slíkar stöðvar þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum hættulegum úrgangi). Ef engar ráðstafanir af þessu tagi eru fyrir hendi skal nota viðmiðunarmörk um útblástur sem mælt er fyrir um í leyfinu. Ef engin slík mörk eru fyrir hendi í leyfinu er miðað við raunverulegan massastyrk.

C: samanlögð viðmiðunar- eða leiðbeiningarmörk fyrir kolsýring (CO) og viðeigandi mengunarefni sem koma í stað viðmiðunareða leiðbeiningarmörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 6. gr. og í 1. og 2. mgr. 7. gr. Heildarsúrefnisinnihald sem koma á í stað súrefnisinnihalds með hliðsjón af umreikningnum sem um getur í 6. og 7. gr. er reiknað út á grundvelli ofangreinds innihalds með hliðsjón af hlutarúmmálsins.

Ekki skal taka tilliti til mengunarefna og kolsýrings sem ekki stafar beint frá brennslu hættulegs úrgangs eða frá brennslu eldsneytis (t.d. efna sem eru nauðsynleg fyrir framleiðslu eða framleiðsluvara) auk kolsýrings sem myndast við slíka brennslu, ef

- nauðsynlegt er vegna framleiðsluferlisins að kolsýringsstyrkur í brunaloftegundum sé meiri, og ef
- $C_{\text{úrg.}}$ (samkvæmt skilgreiningu hér að framan) fyrir díoxín og fúrön eru uppfyllt.

Miðað við það að leyfilegt er að sambrenna hættulegan úrgang skulu samanlögð viðmiðunarmörk fyrir útblástur (C) reiknuð út þannig að útblástur mengunarefna út í umhverfið sé í lágmarki.

III. VIÐAUKI

MÆLINGARÁÐFERÐIR

1. Mælingar sem gerðar eru til að ákvarða styrk loftmengunarefna í gasleiðslum skulu vera dæmigerðar fyrir aðrar mælingar.
2. Sýnataka og greining allra mengunarefna, þar með talið díoxína og fúrana, og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða sjálfvirkt mælikerfi skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í CEN-stöðlum sem eru samdir á grundvelli fyrirmæla sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram. Innlendir staðlar gilda þar til samningu CEN-staðla hefur verið lokið.
3. Einungis er hægt að hafa eftirlit með díoxínum og fúrönnum ef greiningarmörk fyrir sýnatöku og greiningu einstakra díoxína og fúrana er nægilega lágt til að fá marktæka niðurstöðu að því er varðar eiturhrifafangildi.
4. 95% öryggismörkin sem ákvörðuð eru sem viðmiðunarmörk fyrir útblástur mega ekki fara yfir eftirfarandi hundradshlutföll af viðmiðunarmörkum fyrir útblástur:

Karbonmónoxíð (a-liður 5. mgr. 6. gr.):	10%
Brennisteinsdíoxíð (5. tölul. í a-lið 1. mgr. 7. gr.):	20%
Heildarmagn ryks (1. tölul. í a-lið 1. mgr. 7. gr.):	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis (2. tölul. í a-lið 1. mgr. 7. gr.):	30%
Vetnisklóríð (3. tölul. í a-lið 1. mgr. 7. gr.):	40%

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.805 - Telecom-2)

96/EES/45/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem British Telecommunications plc (BT) og NS Groep N.V. (NSG), sem er dótturfyrirtæki N.V. Nederlandse Spoorwegen, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Telecom-2 með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BT: fjarskiptaþjónusta og útvegur fjarskiptabúnaðar.
 - NSG: farþega- og vöruflytningar á járnbrautum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 279, 25. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.805 - Telecom-2, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.827 - DBKom)**

96/EES/45/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Mannesmann AG og Deutsche Bahn AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu DBKom Gesellschaft für Telekommunikation mbH & Co. KG.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mannesmann AG: vélsmíði, sjálfvirkir íhlutar, fjarskipti, stálrör,
 - Deutsche Bahn AG: járnbrautir,
 - DBKom Gesellschaft für Telekommunikation mbH & Co. KG: fjarskiptaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 285, 28. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.827 - DBKom, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.